



**Háskólinn
á Akureyri**

Hug-og félagsvísindadeild
Kennaraskor-framhaldsbraut

**„Ég er alveg að lesa mikið,
ég hef bara ekki tíma núna“**

Nemendur í 8. bekk spurðir út í lestrarvenjur sínar

Hildur Óladóttir
Akureyri, 10. ágúst 2010



**Háskólinn
á Akureyri**

Hug- og félagsvísindadeild
Kennaraskor- framhaldsbraut

**„Ég er alveg að lesa mikið,
ég hef bara ekki tíma núna“**

Nemendur í 8. bekk spurðir út í lestrarvenjur sínar

Hildur Óladóttir

Meistaraprófsritgerð lögð fram sem hluti af
námi til M.Ed.-gráðu í menntunarfræðum
með áherslu á lestrarfræði
Akureyri, 10. ágúst 2010

Gullkorn

„Bea segir að listin að lesa sé smám saman að deyja út, að hún sé afar persónuleg athöfn, að bók sé spegill og að við getum aðeins fundið í henni það sem við berum innra með okkur áður en að lestri kemur, að þegar við lesum leggjum við í það hugann og sálina og að þær eigindir verði æ fátíðari“.

„Þegar ég gekk meðfram þessum óendanlegu bókahillum í rökkrinu helltist yfir mig depurð og vonleysi. Ég komst ekki hjá því að hugsa sem svo að fyrst ég, fyrir hreina tilviljun, hefði uppgötvað heilan alheim í einni einustu óþekktri bók í þessum risavaxna grafreit væru tugþúsundir eftir ókannaðar, gleymdar að eilífu. Mér fannst að ég væri umkringdur milljónum yfirgefina blaðsíðna, sólkerfum og sálum sem engan ættu að, sem sykkju í gleyskuhafið, meðan fólkið sem hamaðist utan þessara veggja missti smám saman minnið án þess að taka eftir því og þættist æ gáfaðra eftir því sem gleyskan yrði meiri“.

(Zafón, 2006: 90, 546)

Ágrip

Í námi mínu við Háskólann á Akureyri hef ég einbeitt mér að lestrarfræðum. Í rannsókn sem ég gerði á námskeiðinu Eigindlegar aðferðir, haustið 2009, tók ég viðtöl við þrjá skólasafnskennara í grunnskólum Akureyrar og nágrenni þar sem spurt var út í reynslu þeirra af yndislestri nemenda. Eitt af því sem þar kom fram í niðurstöðum var að skólasafnskennararnir voru mjög uppteknir af sífelld minnkandi lestri unglunga. Þetta vakti strax áhuga minn.

Til að komast að því hvort tilfinning skólasafnskennaranna fyrir minnkandi lestri unglunga væri á rökum reist, var leitast við að skoða hvaða þættir það væru sem hefðu áhrif á yndislestur unglunga í 8. bekk. Unglingarnir voru spurðir út í lestrarvenjur sínar í óstöðluðum einstaklingsviðtölum þar sem notast var við opnar spurningar. Þátttakendur í rannsókninni voru tólf nemendur úr þremur grunnskólum Akureyrar og nágrenni. Sex stúlkur og sex drengir.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að skólasafnskennararnir höfðu fulla ástæðu til að hafa áhyggjur af minnkandi lestri unglunga. Unglingarnir töldu sig oft vera þó nokkra lestrarhesta en lásu samt lítið eða ekkert fyrir utan skólabækur sínar. Þeir virtust hafa lestraráhuga en ekki nýta sér hann sem skyldi. Helstu áhrifavaldar voru heimilin, jólabókaflóðið, skólinn, vinirnir og viðhorf þeirra sjálfra til lestrar. Þá var komið inn á ýmsa aðra þætti eins og jákvæð áhrif tómsunda, óljóst tímaleysi og mismunandi bókaval.

Abstract

In my studies at the University of Akureyri I have focused on literacy. In a study which I conducted in the autumn of 2009, in the course Qualitative Methods, I interviewed three library teachers who work in elementary schools in Akureyri and the neighboring municipalities and asked them about their experience of children's reading for pleasure. One of my findings was that the library teachers worry about what they regard as a steady decrease in teenagers' reading. This I found to be an interesting feature.

In order to establish whether the library teachers' feeling had any factual foundations I tried to determine which factors affect 8th grade teenagers' reading for pleasure. The teenagers were asked about their reading habits in unstructured individual interviews where open questions were used. Twelve pupils (six girls and six boys) from three elementary schools in Akureyri and the neighboring municipalities participated.

The main conclusions of the study are that the library teachers' worries are justified. The teenagers regarded themselves as copious readers but nonetheless most of them hardly read anything other than their schoolbooks. They appeared to be interested in reading but this interest was not materialized to any extent. The main sources of influence were the teenagers' homes, the annual Icelandic flood of literary publications before Christmas, school, friends and the teenagers' own attitudes towards reading. Other factors were brought up, such as the positive effects of spare time, an unspecified lack of time and the choice of books to read.

Formáli

Nám til M.Ed.-gráðu í menntunarfræðum með áherslu á lestrarfræði hefur verið meginviðfangsefni mitt í Háskólanum á Akureyri síðan á vorönn 2008. Þessi 30 eininga (ECTS) meistaraprófsritgerð er lögð fram sem hluti af því námi sem er við framhaldsbraut kennaraskorar Hug-og félagsvísindadeildar.

Ég vil fyrst og fremst þakka viðmælendum fyrir að leyfa mér að spjalla við sig. Anna, Bjartur, Guðni, Hallur, Inga, Jens, Krummi, Metta, Snorri, Sunna, Unnar og Þura, það var mér mikils virði að þið gáfuð ykkur tíma. Án þess hefði þessi rannsókn ekki litið dagsins ljós.

Leiðsögukenndari minn, Brynhildur Þórarinsdóttir, fær einnig bestu þakkir. Hún gaf sér tíma til að segja mér til þrátt fyrir annir í vinnu og að vera nokkuð upptekin við eitt af mikilvægustu störfum þjóðarinnar, barnauppeldi.

Í vetur héldum við þrjár vinkonur hópinn. Við vorum allar að skrifa meistaraprófsritgerðir og hittumst reglulega, eða um það bil einu sinni í viku. Þessar samverustundir hafa verið mér sá mesti stuðningur sem ég held að hægt sé að fá. Elsku Alice Emma og elsku Herdís Anna, án ykkar hefði þetta ekki gengið svona vel. Stuðningur, hvatningarorð, gagnrýni, gleði og óbilandi trú ykkar á mitt eigið ágæti hefur verið mér ómetanlegt.

Fjölskyldu minni færi ég bestu þakkir fyrir þolinmæði og stuðning. Það skiptir miklu máli að þið berið virðingu fyrir því sem ég tek mér fyrir hendur. Þá gengur allt miklu betur. Yfirlesurum mínum, Þór, Katrínu Guðrúnu, Ingunni Vigdísu og Kristveigu færi ég bestu þakkir. Þið eruð augu mín þegar að stafsetningu og málfari kemur. Gott er að vita að í þessum frumskógi lífsins séu til svo vel gerð augu sem tilbúin eru að aðstoða þá sem ekki sjá eins vel. Bestu þakkir. Að lokum vil ég þakka Finni Friðrikssyni fyrir að þýða ágripið yfir á ensku.

Vonast er til að þessi rannsókn komi lesendum betur inn í hugarheim unglunga í 8. bekk og að hún varpi ljósi á þá þætti sem hafa áhrif á lestur unglunga.

Efnisyfirlit

GULLKORN	I
ÁGRIP	II
ABSTRACT	III
FORMÁLI	IV
1. INNGANGUR	3
1.1 UPPBYGGING.....	3
1.2 UM LESTUR OG LESTRARKENNSLU	3
1.3 BAKGRUNNUR RANNSÓKNARINNAR.....	6
1.4 MARKMIÐ RANNSÓKNARINNAR	7
1.5 TAKMARKANIR RANNSÓKNARINNAR	7
1.6 MEGINHUGTÖK RANNSÓKNARINNAR	8
2. FRÆÐILEG UMFJÖLLUN	9
2.1 RÝNT Í HUGTÖKIN LESTUR OG YNDISLESTUR	9
2.2 FRÓÐLEIKUR UM LESTUR	11
2.3 LESTUR ER BESTUR	13
2.4 LESTRARÁHUGI UNGLINGA	15
2.5 BÓKAVAL UNGLINGA	18
2.6 LESTRARHVATNING UNGLINGA.....	20
2.7 TÓMSTUNDAIÐJA UNGLINGA.....	22
2.8 KYNJAMUNUR Í LESTRI UNGLINGA.....	23
2.9 SAMANBURÐUR Á LESTRI ÍSLENSKRA UNGLINGA MIÐAÐ VIÐ AÐRAR ÞJÓÐIR.....	24
3. FYRRI RANNSÓKN / VIÐHORF SKÓLASAFNSKENNARA	26
4. AÐFERÐAFRÆÐI	29
4.1 RANNSÓKNARAÐFERÐ	29
4.1.1 Spurningalisti fyrir viðtal	30
4.1.2 Helstu kostir og gallar rannsóknarsniðsins.....	31
4.1.3 Val á meðrannsakendum	32
4.1.4 Skilyrði fyrir vali í úrtakinu.....	33
4.1.5 Einkenni unglinganna.....	33
4.2 GAGNASÖFNUN	33
4.2.1 Aðferðir við upplýsingasöfnun	33
4.2.2 Siðferðislegar vangaveltur	34
4.3 GREINING GAGNA	34
4.4 UMRÆÐA UM RÉTTMÆTI OG ÁREIÐANLEIKA	34

4.5 LEYFI	35
5. NIÐURSTÖÐUR.....	36
5.1 LESTRARÁHUGI UNGLINGA	36
5.2 BÓKAVAL UNGLINGA	38
5.2.1 <i>Stúlkur</i>	38
5.2.2 <i>Drengir</i>	39
5.3 LESTRARHVATNING UNGLINGA.....	39
5.3.1 <i>Lestrarhvatning heimilanna</i>	39
5.3.2 <i>Lestrarhvatning í skólanum</i>	41
5.4 TÓMSTUNDAIÐJA UNGLINGA.....	43
5.5 KYNJAMUNUR Í LESTRI UNGLINGA.....	43
5.5.1 <i>Stúlkur</i>	43
5.5.2 <i>Drengir</i>	44
5.6 HEIMUR ÁN BÓKA	44
6. UMFJÖLLUN UM NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR	46
6.1. ÞAÐ SEM VAKTI ATHYGLI Í NIÐURSTÖÐUNUM	46
6.2 ÞAÐ SEM VAR Í SAMRÆMI VIÐ NIÐURSTÖÐUR ANNARRA RANNSÓKNA	49
6.3 ÚMHUGSUNAREFNI	50
6.4 MEGINNIÐURSTÖÐUR.....	51
7. SAMANTEKT OG LOKAORÐ.....	55
7.1 HVERT ER HUGSANLEGT NOTAGILDI RANNSÓKNARINNAR?.....	56
7.2 HUGMYNDIR AÐ FRAMTÍÐARRANNSÓKNUM.....	57
8. HEIMILDASKRÁ	58

1. Inngangur

Á meðan ég vann ritgerðina, í litlu kjallarakompunni minni, varð ég vör við þær. Einhver innri ónot fylgdu snöggum hreyfingum þeirra og nærveru. Hverjar voru þær og hvað vildu þær með minn félagsskap? Gætum við á einhvern hátt orðið vinkonur?

(HÓla, 2010)

1.1 Uppbygging

Ritgerðin skiptist í sjö kafla. Í öðrum kafla er fróðleikur um lestur og rýnt í hugtökin lestur og yndislestur. Þar er stuttlega fjallað um helstu þætti rannsóknarinnar sem eru lestraráhugi, bókval, lestrarhvatning og tólmstundaiðja unglunga. Kynjamunur í lestri unglunga er skoðaður og rætt um samanburð á lestri íslenskra unglunga miðað við aðrar þjóðir. Í kafla þrjú er gerð grein fyrir rannsókn sem unnin var á námskeiðinu *Eigindlegar rannsóknir* og varð kveikjan að þessari rannsókn. Í fjórða kafla er fjallað um aðferðafræðina sem notuð er í rannsókninni og val þeirrar aðferðar rökstutt. Farið er yfir gagnasöfnun, greiningu gagna og umræður um réttmæti og áreiðanleika. Í fimmta kafla eru niðurstöður kynntar og í þeim sjötta er umfjöllun um það sem vakti athygli í niðurstöðunum, það sem var í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna og annað umhugsunarefni. Í sjöunda og síðasta kaflanum er samantekt og lokaorð.

Innskot frá höfundu í byrjun hvers kafla er hugmynd sem vaknaði þegar farið var að hugsa um það hvort unglingar myndu lesa svona rannsóknir. Þeir ræddu margir um að það þyrfti að vera ákveðin spenna í þeim sögum sem þeir væru að lesa, svo þær yrðu skemmtilegar. Er hægt að gera eitthvað til að bæta spennu inn í háalvarlega rannsókn?

1.2 Um lestur og lestrarkennslu

Lífið væri undarlegt ef ekki væri hægt að lesa. Ef hvergi væri lestrarvænt umhverfi. Ef ekki væri hægt að taka sér bók í hönd til fróðleiks eða til skemmtunar, skreppa á Netið í tölvunni, skrifa niður hugsanir sínar og þannig mætti lengi telja. Systir mín, Hugrún, sem vinnur við hjálparstörf í Súdan Norður–

Afríku, skrifar reglulega tölvupóst. Þannig er hægt að fylgjast með yfir hálfan hnöttinn. En ekki búa þó allir við þessi sömu forréttindi, sem svo greinilega sést þegar pistlar hennar eru lesnir. Á skrifstofu sinni í Súdan er Hugrún að bóka reikninga þar sem verið er að greiða fyrir haf og seljandinn, súdanskur maður, kvittar fyrir með fingrafarinu sínu. Stuttu seinna skrifar Hugrún enn og er þá að ganga frá reikningum og skjölum. Þar hefur hún skráð að sex drengir hafi kvittað fyrir móttöku launa, þrír þeirra skrifa nafnið sitt, hinir þrír setja fingur í blek og stimpla. Hún segir að verið sé að byggja skóla og að menn fái íhlaupavinnu við að taka á móti skólaborðum og koma þeim fyrir, sumir hafa lært að lesa og skrifa, aðrir ekki.

Á þessu sjáum við svo glöggt hvað menningararfur landa er misjafn. Hvernig lestur er kenndur er einnig misjafnt eftir menningu landa (Strommen og Mates, 2004:188). Oft er talað um að íslenskur menningararfur sé að verulegu leyti bundinn bókum og höfum við Íslendingar verið ákaflega stoltir af því. Sigrún Klara Hannesdóttir (1998:1) fjallar um lestur íslenskra barna og unglunga og telur að einfaldasta skýringin á því að íslensk barnabókaútgáfa sé eins sterk og raun ber vitni, sé sú hefð Íslendinga að gefa börnum sínum bækur í jólagjöf umfram aðra hluti. Á þann hátt skapist markaður fyrir útgefendur að bjóða íslenskum börnum upp á talsverða fjölbreytni í bókvali á sínu móðurmáli. Sigrún Klara heldur áfram að velta hlutunum fyrir sér og talar um að okkur Íslendingum þyki vænt um að geta kallað okkur bókaþjóð því það sé okkar aðferð til að sýna umheiminum hátt menningarstig þessarar litlu þjóðar.

Á Íslandi þykja það því sjálfsögð forréttindi að lesa sér til skemmtunar. Við erum hreykin af því að kalla okkur bókaþjóð og gerum ýmislegt til að halda þeirri heiðursnafnbót á lofti. Skoðum aðeins hugmyndir manna um menntun og skólagöngu. Guðmundur Finnbogason (1903:38,53–54) setti í byrjun síðustu aldar fram skemmtilega greiningu á orðinu *menntun*:

Skörp skynfæri, víðsýnn og skarpskygn skilningur bæði á því sem er og hinu sem gæti verið og vera ætti, auðvakið yndi af og ástundun á því sem miðar að farsæld og fullkornun mannkynsins í bráð og lengd og líkami er hlýðir fljótt og vel boðum sálarinnar og banni – alt þetta í hæfilegum hlutföllum og náinni samvinnu hvað við annað eru aðaleinkenni sannrar menntunar.

Menntun taldi Guðmundur vera takmark sem allir ættu að stefna að og því meir sem menn nálgúðust það, því menntaðri yrðu þeir. Til að öðlast menntun taldi

hann að fara þyrfti ýmsar leiðir. Ein af þeim leiðum var að öðlast lestrarfærni. Hann taldi að sú athöfn að lesa væri list, engu vandaminni en að leika vel á hljóðfæri. Læra að lesa kostaði iðkun og góða kennslu. En hvernig skildi skólamálum á Íslandi þá hafa miðað í gegnum tíðina?

Einar Laxness (1995:60–63) talar um að á Íslandi séu til heimildir langt aftur í aldir þar sem umræða um menntun barna og hugmyndir um barnaskóla hafi komið fram. Fyrsta hugmynd um slíka stofnun kom opinberlega fram 1542 en þrátt fyrir það var fyrsti barnaskólinn á Íslandi ekki stofnaður fyrr en 1745 og var sá skóli aðeins rekinn í fimm ár. Á ýmsu gekk en það var ekki fyrr en um 1907 sem skólaskylda var lögleidd á Íslandi og náði þá til 10 til 14 ára barna. Árið 1936 var skólaskylda færð niður í 7 ára aldur og tíu árum seinna var hún lengd um eitt ár. Grunnskólalög voru síðan samþykkt á Alþingi 1974 þar sem barnaskóli og gagnfræðaskóli voru sameinaðir í grunnskóla sem tók níu ár. Samkvæmt núverandi lögum um grunnskóla er skylt að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6 til 16 ára, 10 ár (*Lög um grunnskóla* nr. 66/1995 með áorðnum breytingum 66/2007).

Sú staðreynd að barnaskólar væru ekki stofnaðir fyrr en eftir aldamótin 1900 segir ekkert um þá ákveðnu grunmenntun sem Íslendingar höfðu. Þó ekki væri skólaskylda, var lögbundin fræðsluskylda mun fyrr. Í því fólst að fram undir lok 18. aldar fór almenn fræðsla í lestri, skrift og kristindómi að mestu fram á heimilum, þar sem foreldrar voru færir um slíkt, eða á vegum presta sem bar skylda til að fylgjast með (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1997:34).

Í grunnskólum Íslands leggja *Aðalnámskrár* kennurum línur í allri kennslu. Í *Aðalnámskrá grunnskóla–íslenska* (2007:10, 15–16) segir að frjáls lestur eigi að skipa fastan sess á öllum stigum grunnskóla þar sem leggja skuli áherslu á fjölbreytt lesefni, bæði prentað efni í bókum, ýmsum ritum og einnig lesefni á Netinu. Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar gera ráð fyrir að nemendur hafi náð nokkuð góðu valdi á að lesa og lögð er áhersla á að hvatning til lestrar þurfi að vera mikil innan veggja skólans sem utan. Nemendur sem eru að hefja nám í 8. bekk ættu því að vera orðnir vel læsir og hafa öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða. Þeir eiga að vera þjálfaðir í mismunandi lestraraðferðum og eiga að geta lesið sér til ánægju. Markmið *Aðalnámskrár* eru nokkuð skýr en spurning hvernig kennurum tekst að fylgja henni. Um þetta hefur Brynhildur Þórarinsdóttir (2006:38) töluvert skrifað en hún telur að barnabókmenntir í

grunnskólum séu vannýtt auðlind. Hún talar um að bóklestur fari minnkandi meðal íslenskra barna og að sama skapi sé lesskilningi ábótavant. Hún bendir á að bækur séu ekki bara tæki til lestrarþjálfunar heldur geri þær börnin einnig læs á samfélag sitt og menningu. Hún telur að kenna þurfi börnum betur að njóta þess að lesa og það sé gert með því að auka áherslu á bókmenntaupveldi. Undir þetta tekur Browne (2007:37, 62) og segir að með því að skilja ýmsar lestraraðferðir og virða hæfileika ungra barna sé ekki einungis verið að fylgjast með afurð lesarans, heldur einnig að hlúa að honum þannig að hann læri að njóta og finni hjá sér þörf fyrir að lesa. Browne talar um þær auknu áhyggjur sem fólk hefur af öllum þeim fjölda barna sem kunna að lesa en sjá engan sérstakan tilgang í því að njóta þess. Hún segir að mikilvægt sé að börnin finni sjálf tilgang með því sem þau eru að lesa því á þann hátt læri þau mun auðveldar og séu virk.

1.3 Bakgrunnur rannsóknarinnar

Ástæða þess að ég vel mér lestrartengt rannsóknarefni er meginviðfangsefni mitt við Háskólann á Akureyri, meistaranám í menntunarfræðum með áherslu á *lestrarfræði*. Á námskeiði sem var hluti af námi mínu, haustið 2009, tók ég viðtöl við þrjá einstaklinga sem unnu á skólasöfnum grunnskóla og var rannsóknarspurningin: „**Hver er reynsla skólasafnskennara af yndislestri nemenda?**“ Þar kom ýmislegt fróðlegt í ljós sem mér þótti áhugavert að kanna betur.

Þegar ég lagði af stað í viðtölin var ég mjög spennt að komast að öllu því sem hægt væri að gera til að efla lestur. Hins vegar hafði ég minna velt fyrir mér neikvæðum þáttum eða þeim áhyggjum sem skólasafnskennararnir höfðu af lestrarvenjum barna og þá sérstaklega unglunga. Þeim fannst minna úthald, skortur á sjálfsaga, ráðaleysi og leti vera nokkrar af mörgum ástæðum þess að börn lesa minna nú en áður, sérstaklega fannst þeim þetta eiga við um stráka. Þetta vakti sérstaka athygli hjá mér. Meginviðfangsefni þessarar rannsóknar er því sprettið upp af hugleiðingum og áhyggjum skólasafnskennaranna af minnkandi áhuga unglunga á lestri.

Langtímarannsókn um *Börn og sjónvarp* á Íslandi, sem unnin hefur verið í félags- og fjölmiðlafræði frá 1968, er margþætt. Ein af niðurstöðum rannsóknarinnar er að bóklestur unglunga fer minnkandi, þeim börnum fjölgar sem segjast enga bók hafa lesið síðustu 30 daga og um leið dregst meðalfjöldi lesinna

bóka saman. Sú niðurstaða hefur einnig fengist staðfest í þessari langtímarannsókn að stelpur lesa meira en strákar og að yngri hóparnir lesa fleiri bækur en unglingarnir. Rannsóknin hefur gefið þýðingarmiklar og sláandi vísbendingar um neikvæða þróun lestraráhuga 10–15 ára barna undanfarna áratugi. Sá óvænti viðsnúningur varð hins vegar í síðustu könnun, árið 2009, að meðalfjöldi lesinna bóka er meiri en í síðustu könnun á undan og fjöldi þeirra sem enga bók segjast hafa lesið hefur á sama tíma dregist saman (Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir, 2009:7). Skólasafnskennararnir, í rannsókn minni haustið 2009, voru ekki meðvitaðir um þessar nýjustu niðurstöður og voru mjög uppteknir af sífellt minnkandi lestri unglinga. Þeir vildu meðal annars kenna því um að margt annað afþreyingarefni væri í boði í samfélaginu. Töluðu um mikið áreiti, eril, að meiri ró vantaði og afdrep í skólum til að lesa. Þá höfðu þeir allir áhyggjur af hlutverki heimilanna. Minntust á minnkandi lestur inni á heimilum, foreldrar læsu minna fyrir börnin sín og að sum börn ælust hreinlega upp við lítinn bókakost.

1.4 Markmið rannsóknarinnar

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að skoða hvort tilfinning skólasafnskennaranna fyrir ástæðum lítils lestraráhuga unglinga sé á rökum reist. Það verður gert með því að spjalla við unglingana sjálfa og ná þannig þeirra sjónarmiðum og viðhorfum. Megin rannsóknarspurningin er: **Hvaða þættir hafa áhrif á yndislestur unglinga?** Til að komast að því eru tekin viðtöl við nemendur í 8. bekk og þeir spurðir um lestrarvenjur: „**Hverjar eru lestrarvenjur unglinga í 8. bekk?** Hér er verið að skírskota til yndislesturs, hvernig unglingurinn nýtir frístundir sínar til lesturs en ekki til lesturs sem tengist skólanum. Í viðtölunum er notast við spurningalista, sjá aðferðafræðina, kafla 4.

1.5 Takmarkanir rannsóknarinnar

Helstu takmarkanir rannsóknarinnar tel ég vera feimni og óframfærni sumra unglinganna. Mikilvægt reyndist að spjalla við þá í smá stund á léttum nótum til að öðlast hjá þeim traust og fá þá til að slappa af áður en viðtölin hófust. Gæta þurfti vel að því að spyrja ekki lokaðrar spurningar og vera duglegur að spyrja.

1.6 Meginhugtök rannsóknarinnar

Meginhugtök rannsóknarinnar voru: *lestur, lestrarvenja, yndislestur, lestraráhugi, lestrarhvatning, tómstundaval, bókaval, áhrif heimila, áhrif skóla, áhrif vina, kynjamunur í lestri, lestrarstaða íslenskra unglunga miðað við aðrar þjóðir.*

Meginhugtök í niðurstöðum rannsóknarinnar voru: *Áhrif heimila, jólabókaflóðið, áhrif skóla, jákvæð viðhorf unglinganna sjálfra, áhrif vinanna, tómstundaval, tímaleysi, kynjamunur.*

2. Fræðileg umfjöllun

Stundum þegar ég mætti sá ég þær ekki og það fannst mér alltaf betra. En á öðrum tímum kom ég þeim að óvörum og þá hríslaðist hrollur niður bak mitt. Hvað viljið þið mér kærur vinkonur? Ætli lestur hafi góð áhrif á þær? Hvernig get ég látið ykkur hverfa? Fljótlega áttaði ég mig á því að það var ljósið sem þær óttuðust. Um leið og ég mætti til leiks og kveikti loftljósið skutust þær eins og bræðurnir, Karíus og Baktus, í skjól í holur sínar og földu sig. Þetta var kapphlaup við tímann því stundum brá þeim svo við skyndilega komu mína að þær snérust í nokkra hringi. Annað slagið gaf ég þeim tíma til að átta sig og skjótast í felur en oftast greip ég það sem hendi var næst, inniskó, námsbók, tusku eða poka og smellti yfir þær þannig að þær flöttust út eins og pönnukökur á litla gólfpletinum mínum. Þá hafði ég ekki góða samvisku, en víst var að þá skutust þær ekki meir.

(HÓla, 2010)

„Lestrarkunnátta er lykill að andans auði þjóðarinnar“, mælti Guðmundur Finnbogason (1903:53) upp úr aldamótum 1900. Í þessum kafla verður fjallað um hugtökin lestur og yndislestur. Lestraráhugi er sprottinn af þeirri kunnáttu að hafa færni til að lesa og því nauðsynlegt að velta því fyrirbæri aðeins fyrir sér. Hvað er lestur? Hvernig birtist hann börnum og á hvaða þáttum byggist hann? Þessum spurningum er svarað í stuttu máli og síðan fjallað um mikilvægi þess að lesa fyrir börn. Þá er að síðustu farið nánar í fræðilegan bakgrunn viðfangsefnis sem tengist lestraráhuga hjá unglíngum, lestrarhvatningu, bóka- og tólmstundavali. Skoðað verður hvort fram komi kynjamunur þegar fjallað er um yndislestur unglínga og einnig verður skoðað hvernig íslenskir unglíngar standa sig miðað við aðrar þjóðir. Fjöldi rannsókna er til um þetta mál og verður samhliða umfjölluninni vitnað í sumar þeirra. Áhuginn beinist að 13–14 ára unglíngum í 8. bekk og verður leitast við að skoða rannsóknir sem snúast um þá. Fæstar rannsóknir fjalla um aðeins einn ákveðinn aldursþóp þannig að einnig koma fram rannsóknir á yngri börnum og/eða eldri unglíngum. Reynt verður eftir bestu getu að finna samræmi þar á milli.

2.1 Rýnt í hugtökin lestur og yndislestur

Fræðimenn hafa sett fram hinar ýmsu skilgreiningar á þessu hugtaki auk þess sem í orðabókum má finna ýmislegt. Í *Íslensku orðabókinni* (2002:891, 893) er sögnin

að *lesa, las, lásum, lesið*, útskýrð á þann hátt að hún sé til að ráða úr lestrartáknum þannig að úr verði samfelld mál, orð og setningar. Þar segir einnig að *lestrarvenja* sé venja í lestri sem maður hefur skapað sér um val lesefnis og meðferð þess eða nýtingu. Á Lesvefnum er skilgreining á lestrarhugtakinu og þar segir að *lestur* sé málræn aðgerð sem byggist á mörgum þáttum og samspili þeirra. Þessir þættir eru nauðsynlegir til að túlka og skilja ritmál (Steinunn Torfadóttir, 2007–2008). Þá tala þær Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir (2006:5) um að hugtakið lestraferli vísi til þess sem gerist þegar einstaklingur les. Hann sér fyrir sér röð af rituðum táknum sem hann tengir við hljóð, setningafræði og merkingu. Á þann hátt skilur lesandinn táknin sem staðreyndir, upplýsingar og lýsingar. Browne (2007:27) segir að *lestur* sé virkt og flókið ferli sem byggir á beitingu fjölda forma og þekkingu á máli og lettri. Til að geta lesið þurfi að hafa ákveðna færni sem feli í sér hæfni til að þekkja stafi og orð, að geta sett stafi við hljóð og að geta sameinað röð af hljóðum þannig að úr verði orð. Undir orð Browne tekur Guðmundur B. Kristmundsson (2009:149) en hann leggur áherslu á að lesandinn leitist við að greina merkingu texta með því að nota málið, þekkingu og reynslu. Þannig náist að umskrá tákni og tengja þau því máli sem lesandinn hefur aflað sér.

Vandinn sem við okkur blasir telur Hafþór Guðjónsson (2008:3) felast í því hvernig við nálgumst sögnina að lesa. Hann segir að gleymast vilji að taka með í reikninginn að þegar fólk les þá er það ekki bara að lesa heldur að lesa eitthvað. Lesturinn beinist að einhverju og þá oftast einhvers konar texta. Þegar börn eru að byrja að læra að lesa eru þau yfirleitt að fást við sögur og er þau geta það þokkalega er sagt að þau séu orðin læs. Hafþór telur að betra og mun skynsamlegra væri þó að tilgreina hvað þau væru orðin læs á og segja til dæmis að nú séu þau orðin fær um að lesa sögur en óvíst sé og frekar ólíklegt að þau séu orðin fær að lesa annars konar texta, til dæmis líffræði-, efnafræði- eða stærðfræðitexta.

Í *Orðabók Menningarsjóðs* er ekki að finna orðið *yndislestur*. Orðið má hins vegar taka í sundur. *Yndi* er útskýrt sem unaður, sæla eða ánægja og *lestur*, eins og hefur komið fram, er útskýrður á þann hátt að hann sé til að ráða úr lestrartáknum þannig að úr verði samfelld mál, orð og setningar (*Íslensk orðabók*, 2002:1793). Af þessu má vel álykta að *yndislestur* sé allt það sem lesið er sér til ánægju og sé ekki endilega tengt vinnu eða skóla, heldur það sem lesið er utan

Þess. Skilgreining Hughes–Hassell og Rodge (2007:22) er einnig nokkuð skemmtileg. Þær tala um yndislestur sem tómstundalestur og skilgreina hann þannig að það sé sá lestur sem einstaklingar velja sjálfir að lesa (leisure reading is the reading students choose to do on their own, as opposed to reading that is assigned to them). Það geti verið sjálfboðalestur, frítímalestur, endursköpunarlestur, sjálfstæður lestur, lestur fyrir utan skólatíma og lestur sem þeir velja sjálfir. Þær segja að tómstundalestur innihaldi persónulegt val á því sem hver og einn vill lesa, þar sem valið er úr fjölbreyttu lesefni, ekki bara bókum.

2.2 Fróðleikur um lestur

Í *Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska*, (2007:7–10) kemur fram að góð lestrarfærni sé undirstaða almennrar menntunar og nauðsynleg fyrir þátttöku í samfélaginu. Að lestur geti aukið orðaforða og stuðlað að betra valdi á máli en hvort tveggja eru mikilvægir þættir í mannlegum samskiptum. Í byrjendakennslu er einkum rætt um að gott sé að ná tókum á undirstöðuatriðum í lestri, að styrkja hljóðkerfisvitundina og fylgjast með því að lestrarferli þróist eðlilega. Það er hægt að gera með lesskimunum og lesskilningsprófum. Lestrarkennslu og lestrarþjálfun er nauðsynlegt að halda áfram jafnt og þétt allan grunnskólann. Mikilvægt er að kenna og þjálfna mismunandi lestraraðferðir.

Bernskulæsi er fyrstu skref barns í átt að lestrarfærni og það stig sem á sér stað fyrir formlegt lestrarnám (Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2006:231). Börn hlusta á talað mál í kringum sig og öðlast með því vissa þekkingu á tungumálinu. Einnig eru þau fljót að taka eftir táknum í umhverfinu og reyna að teikna eða skrifa. Allt er þetta mikilvægur undirbúningur fyrir lestrarnámið. Undirstaða læsis er málþroskinn og því liggja rætur lestrar í talmálinu. Hugtakið læsi felur í sér frumþætti móðurmálsins, sem eru: tal, hlustun, lestur og ritun. Þessir þættir tvinnast saman með fjölbreyttum hætti (Rannveig A. Jóhannsdóttir, 2007:24–25).

Lestur er málræn aðgerð sem byggist á mörgum þáttum og samspili þeirra. Þessir þættir eru nauðsynlegir til að túlka og skilja ritmál. Samkvæmt Steinunni Torfadóttur (2007–2008) byggist þjálfður lestur á þrenns konar færniþáttum sem lesandi þarf að hafa góð tök á:

1. Eiga auðvelt með að greina hið flókna samspil bókstafa og hljóða til að geta umskráð orðin sem smám saman festast síðan í sjónrænu orðasafni hugans og því fyrr sem þau eru oftast lesin.
2. Hafa góðan málskilning sem og orðaforða til að skilja merkingu textans.
3. Hafa góða lesfimi, geta lesið hratt og fyrirhafnarlaust til að geta beint athyglinni að innihaldi textans.

Af þessu segir Steinunn að sjá megi að allir þættir tungumálsins gegni ákveðnu hlutverki og hafi áhrif hver á annan í lestrarferlinu.

Þegar *Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska (2007:8–10)* er skoðuð nánar má sjá að markmiðum íslenskunámsins er skipt í fjóra flokka. Þeir eru: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Innan þeirra eru fjölmörg markmið sem skarast og/eða fléttast saman. Fram kemur að sköpunarmáttur tungumálsins þurfi að vera í öndvegi og að nemendur njóti tækifæra til að leika sér með orð og merkingu, semja margvíslegan texta og tengja íslenskunámið sitt við leiklist, tónlist, söng og dans. Þannig styrkist þeir sem sjálfstæðir og skapandi einstaklingar. Aðalnámskráin leggur áherslu á þau miklu tengsl sem eru milli náms í lestri og ritun þannig að kennsla taki mið af þeim, sérstaklega í yngri bekkjunum. Mestu máli skiptir að íslenskukennslan sé þannig skipulögð að námið verði heildstætt.

Pence og Justice (2008:255–256) fjalla um mismunandi lestrarstig. Á fyrsta stigi er byrjun á lestrarnáminu þar sem nemendur læra að lesa úr táknum. Annað stigið á við þá nemendur sem eru í 2. – 3. bekk, 7–8 ára. Þar segir að ef nemendur lesi kunnuglegan texta verði þeir sérlega snjallir við að lesa orð og noti endurtekningu málsins til að öðlast fluglæsi. Á þessu öðru stigi byrja nemendur smátt og smátt að umbreyta frá lærdómi yfir í að lesa, í að lesa til að læra. Á þriðja stiginu, 9–14 ára lesa börn til að öðlast nýjar upplýsingar og eru samfelld að lesa til að læra. Þau öðlast þann hæfileika að lesa án sjálfshverfs tilgangs, í að geta lesið og lært um merkingu ýmissa orða. Á þessu stigi auka þau orðaforða sinn, byggja upp bakgrunnsþekkingu á orðum og þróa með sér lestraraðferðir. Þetta síðasta stig er einmitt það stig sem viðmælendur mínir í rannsókninni eru komnir á.

2.3 Lestur er bestur

Ég get ekki ímyndað mér hvernig það væri að geta ekki notið lestrar. Eins lengi og ég man, hef ég ferðast með bækur. Þær eru minn fasti félagsskapur í tilverunni. Líf mitt væri ekki eins mikils virði ef ég hefði ekki allar þær stundir sem ég nýti með bókum.

(Moniuszko, 1992:32; þýðing HÓla, 2010)

Eins og tilvitnunin á undan vísar til eru margir sem geta ekki ímyndað sér líf sitt án bóka. Þó vitum við að heimur bóka er aðeins heimur sem tilheyrir sumum. Ungur maður var nýútskrifaður úr háskóla og var að hefja vinnu í félagsmiðstöð fyrir ungt fólk. Eftir fyrsta vinnudag sinn kom hann heim og sagði við föður sinn: „*Pabbi! Þeir hafa ekki einu sinni bókasafn*“. Faðir hans var ráðþrota gagnvart þessari athugasemd sonar síns. Hann hafði alið son sinn upp umkringdan bókum og gerði ráð fyrir að öll börn upplifðu það sama. Hans fyrsta hugsun var: „*Hvað gera þessi börn allan daginn ef þau lesa ekki*“ (Steiner og Steiner, 2009:39).

„*Á íslenskum vetrarkvöldum hélzt lengi sá siður, að einn af heimamönnum læsi hátt fyrir fólkið. Enginn siður er fegri en þessi*“, sagði Guðmundur Finnbogason (1903:55). Þeir sem hafa fengið að kynnast þessum menningarlega sið sem hann lýsir svo fallega geta líklega verið sammála orðum Guðmundar. Víst er samt að margt hefur breyst í íslensku þjóðfélagi frá því um aldamótin 1900. Tæknibylting hefur rutt sér rúms með ýmiskonar tölum, tólum og tækjum. Hér mun ekki verða farið inn á þá þætti heldur skoðað á hvern hátt yndislestri er viðhaldið hjá unglingum á Íslandi í dag og hvaða þættir það eru sem hafa hvað mest áhrif. Mikilvægt er þó að hafa í huga þær breytingar sem átt hafa sér stað. Þær hafa að sjálfsögðu bein og óbein áhrif á yndislestur unglinganna. Íslensk rannsókn á svörum nemenda í 4. bekk sýnir að þeir nemendur sem lesið er fyrir á kvöldin, fyrst eftir að þeir hefja skólagöngu, standa sig að meðaltali mun betur í íslensku í 4. bekk en þeir nemendur sem aldrei er lesið fyrir. Ekki kemur á óvart að foreldrar lesa mest fyrir börn sín í 1. bekk og síðan fer lesturinn minnkandi með ári hverju (Almar M. Halldórsson, 2006:11).

Brynhildur Þórarinsdóttir (2006:38) hefur áhyggjur af minnkandi bókalestri íslenskra barna og telur mikilvægt að kenna börnum að njóta lestrar. Þá telur hún einnig mikilvægt að greiða leið barnabóka í skólakerfið því bækur séu lykill að lestraránægju sem er einn helsti forspárþátturinn fyrir árangur í

lesskilningi. Mjög mikilvægt sé að lesa fyrir ung börn. Það að lesa fyrir börn strax í upphafi eflir orðaforða, málskilning og lestrarnámið reynist þeim auðveldara.

Sigrún Klara Hannesdóttir (1998:1–6) telur að sú skýring að barnabókaútgáfa sé jafnstærk og raun ber vitni sé vegna þeirrar hefðar Íslendinga að gefa börnum sínum bækur í jólagjöf. Á þennan hátt skapast ákveðinn markaður þar sem á auðveldan hátt er hægt að fá fjölbreytni í bókavali á sínu tungumáli. Hún talar um að þetta sé samspil rithöfunda, bókaútgefenda, bókabúða og síðast en ekki síst þeirra sem lesa, barnanna sem fá bækur í jólagjöf og áhuga þeirra á lestri. Af þessu ályktar hún að ef áhugi barna á lestri minnki, þá muni jafnframt minnka áhugi þeirra sem gefa bækur. Þetta styður mikilvægi þess að halda bókum stöðugt að börnum og/eða unglingum. Sigrún Klara telur að ennþá séu jólin bókahátíð og því vinsæll tími til lestrar. Í rannsókn hennar frá árinu 1998, sem hér segir frá, voru niðurstöður nokkuð sláandi þar sem hún talar um að í hópi 14 ára barna sé fjölbreytni í bókavali mun minni, að strákar fái oftast bækur í jólagjöf en stúlkur þó í ljós komi að stúlkur lesi meira, að mikill meiri hluti 14 ára stúlkna segjast lesa en tiltölulega fáar fengu bók í jólagjöf. Hún telur að huga þurfi betur að unglingunum þar sem sterk fylgni sé á milli þess að fá bækur að gjöf og að lesa þær. Hún telur þörf á meiri lestrarhvatningu til að vernda orðstír okkar sem bókabjóðar og að það þurfi að gera með öllum tiltækum ráðum. Þessi rannsókn er kannski barn síns tíma þótt margt sé þar fróðlegt að skoða. Sjö árum seinna kveður við annan tón í tímaritinu *Börn og menning*, eða árið 2006. Þar segir barnabókahöfundurinn Kristín Helga Gunnarsdóttir (2006:5) að börn lesi svo miklu minna í dag en þau gerðu áður fyrr. Hún telur hluta vandamálsins vera að allt of fáir skrifi fyrir börn, það að skrifa fyrir börn sé lítils metið. Kristín bendir á í þessu samhengi að árið 1995 hafi verið gefnar út yfir 20 frumsamdar bækur fyrir börn en, árið 2006, sé fjöldinn innan við 10.

Gaman er einnig að skoða hvað það er sem foreldrar telja að börnin sín fái með því að lesa. Ágústa Pálsdóttir (1998:6–7) vann rannsókn sem tengist lestri í íslenskum fjölskyldum og spyr þar foreldra hvers vegna þeim finnst mikilvægt að börn þeirra lesi. Almennu telja foreldrar að lestur sé mikilvægur fyrir börnin sín. Þeir telja lestur hafa jákvæð áhrif á málþroskann, auka orðaforða, þroska þau í frásögn, auka lestrarfærni og lesskilning. Foreldrar telja lestur ýta undir ímyndunarafl barna sinna þar sem þau geti smíðað sinn eigin ramma, sjóndeildahringur þeirra víkkar og í gegnum lestur öðlist þau þekkingu á

umheiminum og því hvernig lífi og aðstæðum annarra er háttað. Þá telja foreldrar að bækur séu fræðandi, að með því að lesa um líf annarra öðlist börnin meiri skilning á högum þeirra og læri að setja sig í spor annarra. Jafnframt tala foreldrar um lestur sem skemmtun og góða afþreyingu fyrir börnin sín. Fleiri fræðimenn taka undir með Ágústu og benda á að fyrsti áhrifavaldur í mótun og framtíðarhorfum unglingsins sé jafnan fjölskyldan. Foreldrar gegna afgerandi hlutverki í að skapa viðhorf barnanna til menntunar með því að vera áhugasamir og virkir og með því að kenna þeim hið ritaða orð að lesa fyrir þau (Berns, 2009:241–244). Með því að lesa fyrir börnin strax frá unga aldri eru foreldrar að koma inn lestraráhuga hjá þeim. Ef foreldrar setja sem fasta hefð að lesa fyrir börnin sín strax frá upphafi eru þeir að næra áhuga barna sinna á bókum. Þessi áhugi getur viðhaldist ef foreldrar hafa áfram fjölbreytni í bókavali samhliða þroska barnanna og breytilegum áhuga þeirra á bókum (Strommen og Mates, 2004:198–199).

Þrátt fyrir að foreldrar séu nokkuð með það á hreinu hvað lestur bóka gerir börnum þeirra gott, virðast rannsóknir benda til þess að lestur fari minnkandi, sérstaklega meðal unglinga (Sigrún Klara Hannesdóttir, 1998:1; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009:7). Á Degi bókarinnar, árið 2006, hélt forseti Íslands ávarp sem hann kallaði *Eflum bókakost heimilanna*. Þar minntist hann á að hefðbundinn bókalestur væri að dragast saman en ekki mætti gleyma að á sama tíma yrðu börn læsari á tölvur og kynnu betur að nýta sér upplýsingatækni en hinir eldri. Hann vildi einnig horfa með bjartsýni fram á veginn og benti á vinsældir sumra bóka sem út hafa komið á síðari árum ætlaðar börnum og minntist á fjölpætt starf sem unnið væri í skólum landsins. Forsetinn taldi að með því að halda Dag bókarinnar væri kominn kjörinn vettvangur til að hvetja fjölskyldur landsins til að huga að bókakosti heimilanna, þar sem þær fengju tækifæri til að gleðjast saman yfir góðum sögum, fróðleik, ljóðum og eða öðru því sem bókaskápurinn hefði upp á að bjóða (Ólafur Ragnar Grímsson, 2006:1–2).

2.4 Lestraráhugi unglinga

Hvaða þættir valda því að sum börn hafa brennandi áhuga á bókum en önnur hafa lítinn sem engan áhuga? Hér gæti margt komið til. Ung stúlka fæðist inn í aðalsstétt í Evrópu. Aðeins fjögurra ára gömul fylgist hún með heimilisfólkinu lesa, ekki síst systur sinni sem er þremur árum eldri og komin í skóla. Hún vill

líka geta lesið. Hún rannsakar vandlega stafrófskver systur sinnar en veit ekki hvað táknin þýða. Dag nokkurn situr hún hjá föður sínum, sem les dagblað, og fer að spyrja hann hvað þessir stafir merkja. Faðir hennar fer að tala um nöfnin á stöfunum og á meðan unga stúlkan horfir á stafina er eins og hulu sé svipt frá augum hennar og hún getur lesið. Í ævisögu sinni talar hún um að við þennan atburð hafi byrjað nýr kafli í lífi sínu. Hún segist hafa lesið allt sem hún komst yfir, ævintýrabækur, barnablöð, skólabækur systur sinnar, dagblöð og tímarit (Haich, 1960/1991:24–26). Súðönsku drengirnir, sem sagt var frá í inngangaskafli, geta vissulega hafa fæðst með hæfileika til að lesa en þær aðstæður sem þeir fæðast inn í skapa ekki tækifæri til að þroska þeirra lestrarfærni. Á Íslandi ættu lög um skólaskyldu að hafa veitt flestum íslenskum börnum þau tækifæri sem þarf að hafa til að öðlast þá færni að geta lesið, ef og þegar þeir eiginleikar að lesa eru fyrir hendi hjá einstaklingnum.

Í lestrarskýrslu sem Almar M. Halldórsson (2006:8, 12, 25) gerði á 15 ára unglingum kallar hann þau börn sem lesa í eina til tvær klukkustundir á dag lestrarhesta. Í þessari skýrslu voru unglingarnir spurðir um viðhorf til lestrar og um lestrarvenjur sínar. Niðurstöður voru þær að hjá fjórðungi þeirra var lestur eitt af helstu áhugamálum, fjórðungi þótti gaman að ræða um bækur við aðra og tæplega helmingi þótti gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn. Hins vegar fannst fimmtungi unglinganna lestur vera tímasóun og fimmtungi þótti erfitt að ljúka bók. Margir sögðust ekki geta lesið nema í nokkrar mínútur í einu, sumir lásu eingöngu bækur til að sækja sér upplýsingar, enn aðrir lásu af illri nauðsyn. Um 40% þessara unglinga voru ekki ánægðir með að fá bók að gjöf. Í þessari sömu skýrslu kom fram að aðeins 10. hver les í klukkustund eða meira á dag og eru því sannkallaðir lestrarhestar.

Fylgst hefur verið með þróun í lestri bóka og blaða hjá unglingum í langtímarannsókn Þorbjörns Broddasonar frá 1968, sem áður hefur verið minnst á. Þar hefur komið í ljós að meðalfjöldi lesinna bóka hefur minnkað með hverri nýrri könnun. Þessi fækkun lesinna bóka hefur löngum verið rakin til eflingar nýrra miðla. Síðustu niðurstöðurnar, árið 2009, komu á óvart. Í fyrsta skipti frá upphafi sýndu þær að meðalfjöldi lesinna bóka var meiri en í síðustu könnun á undan. Lengi hafði verið von á því að botninum yrði einhvern tíma náð en fræðimennirnir velta nú fyrir sér hugsanlegum ástæðum. Þeim finnst nærtækast að leita skýringa í umhverfisáhrifum og telja líklegt að lestrarhvatning í skólum vegi þungt (Þorbjörn

Broddason o.fl., 2009:7). Guðný Guðbjörnsdóttir (2006:66) staðfestir þessar niðurstöður fyrri ára, að minnkandi áhugi sé nú á lestri. Hún kannaði bóklestrarvenjur nemenda í 10. bekk og bar saman niðurstöður við aðrar eldri rannsóknir Símonar J. Ágústssonar sem hann annars vegar gerði árið 1965 og hins vegar árið 1993. Niðurstöður Guðnýjar frá árinu 2005 leiddu í ljós að sá fjöldi sem enga bók hafði lesið síðustu tvær vikur hækkað verulega milli rannsókna auk þess sem þeir sem lásu sex eða fleiri bækur voru mun færri. Fleiri íslenskar rannsóknir staðfesta að áhugi á yndislestri minnki á unglingsaldri. Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson (2009:86) könnuðu lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum. Í þessari rannsókn töluðu kennarar nemenda í 10. bekk um að áhugi unglinganna væri afar lítill og að erfitt væri að glæða og viðhalda áhuga þeirra á lestri til yndisauka. Fram kom að lestur var talinn hallærislegur og að þeir veldu frekar að horfa á sjónvarp og vera í tölvu sér til afþreyingar.

Í rannsókn Ágústu Pálsdóttur (1998:4–5) kom skýrt fram að foreldrar töldu mikilvægt að lesa upphátt fyrir börnin sín vegna þess að það byggði upp lestraráhuga hjá þeim. Þar kom einnig í ljós að þeir foreldrar sem yfirleitt höfðu lítinn áhuga á lestri sjálfir sögðust lesa upp í rúmi á kvöldin þegar börn þeirra væru sofnuð. Þeir foreldrar sem almennt höfðu áhuga á lestri lásu hins vegar á ýmsum tímum dagsins. Ágústa telur að hér geti sú fyrirmynd sem börnin hafa, skipt sköpun fyrir lestraráhuga þeirra sjálfra. Hún segir að það sem hafi einkennt fjölskyldur barna sem voru áhugasöm um að lesa, hafi verið að lestur var sameiginlegt áhugamál fjölskyldumeðlima og félagsleg samskipti í tengslum við hann mikil. Foreldrar þeirra barna sem lásu mikið sýndu þeim áhuga og tóku þátt í ánægju barna sinna af lestri, mun frekar en foreldrar þeirra barna sem lásu lítið og lestur var jafnvel ekki ríkur þáttur í heimilislífinu. Fleiri rannsóknir hafa sýnt að stuðningur, aðhald og eftirlit foreldra hefur mjög jákvæð áhrif á námsárangur barna og unglunga (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2009:16).

Hafa skal í huga að ýmsir þættir geta haft áhrif á lestraráhuga barna. Davila og Patrick (2010:200) bentu nýlega á að hugsanleg ástæða þess að unglingar færu að lesa minna væri vegna þess að þeir fyndu ekki lengur efni sem vakti áhuga. Hughes–Hassell (2008:1) bendir á að góð lestrakunnátta sé nauðsynleg til að ná góðum árangri í skóla og lífinu almennt. Í grein sinni fjallar

hún um nemendur í 8. bekk og segir að ástæðan fyrir því að nemendur dragi úr lestri á þessum aldri sé sú, að á unglingsstigi komi inn margt framandi efni sem þeim finnst erfitt að skilja. Það fær nemendurna til að halda að þeir séu lélegir lesarar. Afleiðingin verður sú að bæði kennarar og nemendur pirrast. Sumir nemendur forðist því að lesa, aðrir velji að verða ósýnilegir á meðan enn aðrir hamist við að höndla námsefnið.

Til að kortleggja betur lestraráhuga hjá nemendum er mjög gagnlegt að spyrja nemendur ekki einungis að því hvort þau lesi, heldur einnig af hverju þeim líki að lesa og hver tilgangur lestrar sé? Þetta gerðu einmitt Hughes–Hassell og Rodge (2007:25) í rannsókn sinni á nemendum í 8. bekk. Þær kortlögðu þá nemendur sem áhuga höfðu á lestri með því að láta þá svara hvort þeir læsu sér til skemmtunar, til að læra, slaka á, örva heilann, fylla upp í tíma, flýja, þeim leiddist, þeir hrifust af mismunandi persónum eða vegna áhugahvatar.

Rannsókn á 11–12 ára lestrarhestum í Danmörku leiddi í ljós samspil þriggja þátta sem nauðsynlegt er að börn fái, eigi þau að öðlast áhuga á lestri bóka. Þetta samspil eru heimilin, stofnanir (skólar og bókasöfn) og einstaklingarnir sjálfir. Jákvætt viðhorf þessara þriggja þátta er mikilvægt en mikilvægast af öllu er viðhorf barnanna sjálfra (Romme–Lund, 2007:26). Sumir fræðimenn taka svo sterkt til orða og segja að ef einstaklingar þrói ekki með sér þá hæfileika að geta lesið sér til skemmtunar muni þeim reynast erfitt að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra í þeim heimi sem við búum í (Strommen og Mates, 2004:189).

2.5 *Bókaval unglinga*

Þegar hugað er að bókavali unglinga er erfitt að bera saman titla milli ára þar sem þær bækur sem vinsælar eru hverju sinni eru háðar því að nýtt efni er að jafnaði gefið út á hverju ári. Hér á eftir verður skoðað frekar hvaða bókaflökka unglingarnir velja sér.

Ása S. Þórðardóttir (1993:5) kannaði bókaval barna frá 1968–1991. Þar kom fram að leynilögreglusögur voru vinsælasti bókaflokkurinn 1968–1985 en árið 1991 voru það unglingsögur. Á þessu tímabili voru, auk leynilögreglusagna, spennusögur vinsælastar meðal drengja en ástarsögur hjá stúlkum. Guðný Guðbjörnsdóttir (2006:69–70) sagði að árið 2005 hefðu nemendur í 10. bekk oftast lesið spennubækur og fræðibækur. Í rannsókn sem Almar M. Halldórsson

(2006:9) gerði talaði hann um að þriðji hver 15 ára unglingur læsi skáldsögur (38%) og aðrar bókmenntir (33%) einu sinni í mánuði eða oftar. Þá voru tímarit, dagblöð, tölvupóstur og vefsíður lesin nokkrum sinnum í mánuði. Í rannsókn Clark og Foster (2005:32) er farið nákvæmara yfir það efni sem stúlkur og drengir sækjast í að lesa. Þar er niðurstaðan sú að stúlkur séu líklegri til að lesa bæklinga, söngtexta, ljóð, veggspjöld, ferðabækur og matreiðslubækur. Þær hafa áhuga á unglingaskáldsögum jafnt og rómantískum unglingabókmenntum, leikritum og dýrasögum. Drengir eru líklegri til að lesa dagblöðin, ýmis konar leiðbeiningatexta sem tengjast tölvuleikjum, einnig ýmislegt sem tengist íþróttum og bílum. Hvað skáldsögur snertir leita drengir helst í sögur fullar af ímyndunum, sakamála- og stríðssögur. Þeir hafa einnig sterkari tilhneigingu til að lesa teiknimyndasögur, myndrænar skáldsögur og brandarabækur. Mörgu af þessu samsinna Jones, Fiorelli og Bowen (2003:9) en þeir segja meðal annars að drengir skilji skáldsögur ekki eins vel og stúlkur. Drengir lesi frekar texta sem innihaldi upplýsingar og lesi heldur tímarits- og dagblaðagreinar. Þeir lesi meira myndasögur og grínefni, eitthvað sem tengist íþróttum og hlutum sem þá langar til að gera.

Rannsóknir sýna að það mynstur sem unglingar hafa valið sér að lesa síðustu áratugi er frekar stöðugt, þó svo að titlar bóka og höfundar séu mjög fjölbreytilegir milli ára. Unglingar virðast bregðast við þeim heimi sem þeir lifa í hverju sinni og velja að lesa þær bækur sem jafningjar þeirra njóta og um leið gefur til kynna þann menningarlega reynsluheim sem þeir búa í (Hopper, 2005:118). Rannsókn á lesendum í 6. og 9. bekk leiddi í ljós að unglingarnir lesa mjög fjölbreytt efni og trúá því að lestur hjálpi þeim að virkja ímyndunaraflíð og gefi þeim dýpri skilning á heiminum (Strommen og Mates, 2004:199).

Því er velt upp að ef reynist rétt að unglingar bregðist sjálfir við umhverfi sínu, hver getur þá hugsanleg skýring verið á því að áhugi þeirra á lestri bóka minnkar milli ára og einnig eftir því sem þeir eldast? Hopper (2005:118) segir að bil sé á milli þess sem unglingar vilji lesa og á því sem kennarar bjóða þeim upp á sem lestrarefni. Hún telur að fáfræði þeirra fullorðnu sé partur af vandamálinu. Undir þetta tekur Brynhildur Þórarinsdóttir (2006:38, 40) en hún hefur um árabíl hvatt kennara til að skoða betur þær bókmenntir sem þeir eru að bjóða uppá í skólanum. Hún telur barnabækur vera vannýttu auðlind í grunnskólum og bendir á að barnabækur séu ekki bara tæki til lestrarþjálfunar heldur geri þær börnin læs á

samfélag sitt og menningu. Brynhildur talar um að allt of lítið sé hugað að gagnsemi bóka fyrir nautnina að lesa, barnabækur í skólum séu fyrst og fremst tengdar lestrartækni.

Hvernig væri að spyrja börnin sjálf hvað þau vilja lesa? Davila og Patrick (2010:199) benda á að þeir fullorðnu stjórni lesefni barna. Það eru þeir, sem í fyrsta lagi skrifa bækurnar, ákveða útgáfu, gagnrýna bækurnar, veita verðlaun og sjá um innkaup á bókum fyrir heimilin, bókabúðir og bókasöfn. Í skýrslunni benda þau á nauðsyn þess að spyrja sérfræðingana sjálfa, börnin, hvaða lesefni sé í uppáhaldi hjá þeim og skoða í því samhengi hvað það sé sem vekir áhuga þeirra.

2.6 Lestrarhvatning unglunga

„*Það læra börn sem fyrir þeim er haft*“ segir máltækið og á svo sannarlega vel við þegar fjallað er um lestrarhvatningu unglunga. Ýmislegt hefur áhrif á það að börn fái áhuga á því að lesa. Fyrirmyndin skiptir þar miklu máli. Ekki er nóg að lesa fyrir börnin áður en þau verða læs og halda síðan að þau sjái um afganginn. Það þarf að halda stöðugt áfram að vekja hjá þeim áhuga á lestrinum, kynna fyrir þeim nýtt efni, fara með þau á bókasöfn og tala við þau um það sem þau eru að lesa hverju sinni. Mikilvægt í þessu sambandi er að lestraráhugi foreldranna sé sýnilegur og að þeir séu sjálfir fyrirmynd (Ágústa Pálsdóttir, 1998:8).

Mikið hefur verið rætt um það í þjóðfélaginu undanfarin ár að lestraráhugi hjá ungmennum fari minnkandi. Vegna þessa hefur ýmsum átaksverkefnum verið hrint af stað á landsvísu eða innan bekkjar og/eða skóla. Í því sambandi má til dæmis nefna framtak á Netinu sem kallast *Bókaormar* og hlaut verðlaun Evrópska skólanetsins árið 2007. Bókaormar þekktust reyndar í mörgum skólum fyrir tíma tölvutækninnar en með tilkomu þessa nýja forms er á auðveldan hátt hægt að bera saman bekkir í sama skóla eða jafnvel á milli skóla. Þetta skemmtilega framtak, *Bókaormar*, gerir heimilum einnig kleift að taka þátt þar sem þau geta skráð inn hvað hver og einn í fjölskyldunni les (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009:8).

Stóra upplestrarkeppnin er einnig mikilvægt og gott framtak til lestrarhvatningar í skólum landsins. Keppnin er fyrir ungmenni í 7. bekk og þar eru börnin hvött til að vanda sig við upplestur. Yfirlýst markmið keppinnar er fyrst og fremst að bæta lesskilning barnanna en einnig að efla sjálfsvirðingu þeirra og að kenna þeim að bera virðingu fyrir öðrum lesurum sem og þeim texta sem viðkomandi les (Hafnarfjörður, e.d).

Ýmislegt hefur kennurum verið bent á að gera til að hvetja nemendur sína til að lesa. Davila og Patrick (2010:206) hvetja kennara til að finna út hvar lestraráhugi nemenda þeirra liggur og hvetja um leið nemendur sína til að finna sjálfa út sitt áhugasvið. Þær benda kennurum á að festa í sessi ákveðnar bekkjarvenjur þar sem daglega sé lesið efni sem nemendur velji sjálfir. Í því sambandi vilja þær að lestur tímarita, skáldsagna og annars konar lesefnis verði leyfður sem eðlilegur hluti kennslunnar. Þær vilja að gefið sé samþykki fyrir því að oft hafi unglingar aðeins áhuga á ákveðnum höfundum og vilja bara lesa efni eftir þá. Einnig benda þær á að velja fjölbreytt efni þannig að jafnvægi myndist milli kynja og að allir fái það sem þeim finnst skemmtilegast að lesa.

Til marks um þá vakningu sem á sér stað í samfélaginu er sú nýbreytni við Menntaskólann á Akureyri (2009:5) að bjóða upp á valgrein sem nefnist yndislestur. Þessi grein er í boði fyrir nemendur í fjórða bekk. Í áfanganum fá nemendur tækifæri til að lesa sér til ánægju og efla orðaforða sinn, auk þess sem þeir frá gleggri skilning á bókmenntum á íslensku. Nemendur lesa alls sex bækur af bókalista og þurfa að gera grein fyrir þeim við kennara sinn auk þess sem þeir halda kynningu á einni bókinni fyrir samnemendur. Þetta er virkilega góð hugmynd sem vel mætti útfæra á unglingastigi grunnskólanna.

Form lestrarhvatningar mun eflaust breytast eins og annað í tímanna rás. Ný rannsókn á lestrarvenjum 8000 grunn- og framhaldsskólanema í Englandi sýnir að nemendurnir telja sjálfir, að það sem hvetji þá mest til að lesa, sé hönnun vefsíðna og blaða, að hitta þekktu rithöfunda og lestrarleikir (Clark og Foster, 2005:54).

Að ræða við nemendurna sjálfa og koma inn á áhugahvöt þeirra hljómar sem greið leið til lestrarhvatningar. Á Netinu fundust einmitt greinar sem fjölluðu um *Lestrarleikhús (Readers Theater)* og *Reglur sem gilda í raunveruleikanum (Reality Rules)*. Hvað *Lestrarleikhús* varðar eru kennarar þar að spila inn á áhugahvöt nemenda sinna með leik og gleði. Þeir setja upp leikhús þar sem nemendur endursemyja sjálfir textann og þurfa um leið að fá skapandi hugmyndir og skilja þann orðaforða sem fyrir er. Með þessari aðferð æfast nemendur einnig í framburði. *Lestrarleikhús* er á þennan hátt skapandi og áhugahvetjandi aðferð til að þróa lestrarhæfileika þeirra (Clementi, 2010:85). Greinin um *Reglur sem gilda í raunveruleikanum* er einnig um lestrarleið ætlaða unglingum. Útbúinn er listi á Netinu yfir vinsælustu unglingabókmenntir hverju sinni og þangað getur hver sem

er farið inn og valið sér þær bækur sem vinsælastar eru. Þetta getur virkað hvetjandi á þá unglunga sem eru óákveðnir og sífelld í vafa um það hvað eða hvernig bókmenntir þeir eigi að lesa sér til skemmtunar (Stenis, 2009:318). Kennarinn Moniuszko (1992:34) sem kennir unglungum á aldrinum 14–17 ára segir að lykill að lestrarkennslu sé innihaldið. Hún segir að nauðsynlegt sé að láta nemendur lesa það sem þeir virða og velja sjálfir að lesa. Hæfileikar þeirra munu þannig þróast í gegnum þeirra eigin gildismat og það verður meiri möguleiki á því að þeir velji að lesa meira í framtíðinni.

Hér á landi berst ýmislegt inn um lúgur heimilanna sem líta má á sem lestrarhvetjandi efni. Sem dæmi má nefna að í nóvembermánuði birtast Bókafélagið með ýmsum skemmtilegum fróðleik um nýútkomnar bækur. Dagblöð og sjónvarpsrásir auglýsa bækur líka vel og eru oft með fróðlega umræðu um þær.

2.7 Tómsundaiðja unglunga

Upplýsingar um tómsundaiðju og frístundir unglunga segja okkur hvernig þeir eyða tíma sínum utan eða eftir skóla. Slíkt skiptir máli vegna þess að rannsóknir benda til að markviss notkun þess tíma hafi áhrif á þroska og velgengi í öllu námi og starfi. Tómsundaiðkun myndar tengslanet, örvar félagslegan þroska, iðkendur kynnast innbyrðis og læra að taka tillit til annarra, mynda traust og skapa vináttutengsl sem jafnvel endast alla ævi. Það að vera þátttakandi í tómsundastörfum er liður í mótun viðhorfa hjá unglungum og vekur þá til umhugsunar um samfélagslegt hlutverk sitt í lífinu (Feldman og Matjasko, 2005:202). Undir þetta taka Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen (2009:15) og segja að tómsundir séu mikilvægur liður í mótun sjálfsmýndar barna, viðhorfa þeirra og framtíðaráforma. Þau komust einnig að þeirri niðurstöðu að ríkjandi viðhorf meðal foreldra gagnvart tómsundum hafði jákvæð áhrif á börnin og greinilegt var að foreldrar virtust skilja mikilvægi uppbyggilegs tómsundastarfs fyrir börn sín. Í þessu samhengi (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2009:17) skal hafa í huga að félagslíf unglunga fer að miklu leyti fram í hópi jafningja og áhrif jafningjahópsins eru oft sterk.

Feldman og Matjasko (2005:178) segja að almennt sé þátttaka stúlkna í tómsundum meiri en drengja. Undantekning voru þó íþróttir en drengir stunduðu þær í meira mæli en stúlkur. Niðurstöður Amalíu Björnsdóttur o.fl. (2009:14) sýndu hins vegar að stúlkur og drengir tækju svipaðan þátt í íþróttum. Stúlkur

væru hins vegar líklegri til að stunda listnám. Ef litið er á niðurstöður Margrétar Lilju Guðmundsdóttur o.fl. (2009:22) kom í ljós að í 8. bekk tóku 68% stúlkna þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi einu sinni í viku eða oftar, en hlutfall drengja í 8. bekk, á sama tíma, var aðeins 56%. Þetta hlutfall var töluvert hærra en meðal níundu- og tíundubekkinga. Í rannsókn sem Guðný Guðbjörnsdóttir (2006:74) gerði á tómstundaiðkun nemenda í 10. bekk árið 2005 voru niðurstöður þær að lestur var ekki ráðandi tómstundaiðja. Internet- og tölvunotkun var mun algengari tómstundaiðja hjá báðum kynjum. Þá vörðu unglingar heldur tíma sínum í sjónvarpsáhorf og í tómstundir með vinum og fjölskyldu. Drengir eyddu þó nokkrum tíma í íþróttir.

Í grein Amalíu Björnsdóttur o.fl. (2009:16) velta þau fyrir sér, hvort skipulögð dagskrá sé ekki nokkuð mikil hjá stórum hópi nemenda. Að skóli, tómstundir og jafnvel vinna taki mikið af tíma þeirra þannig að varla sé mikill tími eftir til að njóta frístunda.

2.8 Kynjamunur í lestri unglinga

Það virðist vera afgerandi niðurstaða fjölda rannsókna að töluverður kynjamunur sé í lestri unglinga. Stúlkur hafa þar ávallt vinninginn, drengir lesa minna. Þá lesa yngri hóparnir meira en unglingarnir (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2008:20; Brynhildur Þórarinsdóttir, 2006:38, 2009:569–570, 574; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006:60; Sigrún Klara Hannesdóttir, 1998:2; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009:7) Í PISA rannsókninni árið 2000 eru yfirburðir íslenskra stúlkna yfir íslenska drengi í lesskilningi í lok grunnskóla miklir og stöðugir. Munurinn er með því mesta sem gerist í heimi (Almar M. Halldórsson, 2006:10–11).

Þegar námsáhugi nemenda í 1., 3., 6. og 9. bekk er skoðaður, ásamt væntingum foreldra, kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Aðstæður nemenda og áhugi þeirra sjálfra skiptir máli fyrir námsárangur. Mikill kynjamunur er á námsáhuga þar sem stúlkur eru áhugsamari. Munurinn eykst eftir því sem börnin eldast og með árunum dregur almennt úr námsáhuga. Í þessari sömu rannsókn kemur greinilega í ljós að skilaboð kennara og væntingar foreldra skipta máli um getu og árangur nemenda. Því er velt upp hvort sá mikli kynjamunur, sem fannst í rannsókninni, sé að einhverju leyti afleiðing þeirrar umræðu sem er í þjóðfélaginu varðandi slakt gengi og lítinn áhuga drengja á skólanámi. Talað er um þá

alvarlegu stöðu ef lítið er á það sem sjálfsagðan hlut að drengir séu áhugalausir og hafi ekki eins mikla hæfileika og stúlkur til að njóta velgengni í skóla (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2008:8). Lesskilningur helst í hendur við áhuga á bóklestri og er undirstaða alls náms. Skýr tengsl eru því á milli þessara þriggja þátta, námsáhuga, lesskilnings og lestrarfærni.

2.9 Samanburður á lestri íslenskra unglunga miðað við aðrar þjóðir

Íslenskir unglingar hafa lítinn áhuga á lestri og íslenskir grunnskólanemendur koma ekki vel út í lesskilningi í alþjóðlegum prófum (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009:569). Almar M. Halldórsson (2006:6, 26) tók saman skýrslu fyrir Námsgagnastofnun þar sem hann skoðar lesskilning og íslenskukunnáttu 15 ára nemenda. PISA stendur fyrir „*Programme for International Student Assessment*“ og er rannsókn sem endurtekin er á þriggja ára fresti á 15 ára nemendum meðal 30 OECD þjóða, auk 27 annarra þjóða. Hún var fyrst framkvæmd árið 2000. Þegar meðalárangri nemenda í lesskilningi í þeim löndum sem taka þátt er raðað frá besta til lakasta árangurs raðast Ísland í 11–15 sæti, rétt yfir meðallagi. Þjóðir með betri meðalárangur en Ísland eru Finnland, Kanada, Nýja Sjáland, Ástralía, Írland, Kórea, Bretland og Svíþjóð. Þjóðir með sambærilegan árangur eru Japan, Austurríki, Belgía, Noregur, Frakkland, Bandaríkin og Sviss. Þjóðir með lakari meðalárangur eru hins vegar Danmörk, Spánn, Tékkland, Ítalía, Þýskaland, Lichtenstein, Ungverjaland, Pólland, Grikkland, Portúgal, Rússland, Lettland, Lúxemborg, Mexíkó og Brasilía. Samkvæmt þessu sýnir rannsóknin að lesskilningur og lestrarhæfileikar íslenskra nemenda eru rannsókn eftir rannsókn í meðallagi samanborið við önnur lönd. Niðurstöður rannsóknar frá árinu 2006 (Almar Miðvík Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2007:7–20) leiddu einnig í ljós að í heild hefur frammistaða íslenskra ungmenna versnað.

Brynhildur Þórarinsdóttir (2009:570) talar um að lestraráhugi íslenskra barna sé minni en meðal nágrannaþjóðanna og að hann fari stöðugt minnkandi. Steffensen (2004:1–4) gerði samanburð á lestrarvenjum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Svipuð þróun átti sér stað í Danmörku og hér á landi en lestraráhugi hafði staðið þar í stað frá 1993. Gaman er að gera samanburð við Danmörku vegna þess að Dönum hefur tekist að snúa lestrarþróuninni við. Í dag lesa fleiri börn þar sér til ánægju og dregið hefur úr kynjamun. Þessu má þakka að blásið var

til samfélagslegs átaks, *Læselystkampangne*, sem standa átti frá árinu 2003 til ársins 2010 (Bibliotek og medier, e.d).

Evrópska vímuefnarannsóknin *European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs (ESPAD)* er samvinnuverkefni fræðimanna í rúmlega fjörutíu Evrópulöndum. Í rannsókninni er fylgst með þeim breytingum sem eiga sér stað í vímuefnaneyslu evrópskra unglunga. Rannsóknin hefur farið fram á fjögurra ára fresti frá árinu 1995 og hefur Ísland tekið þátt frá upphafi. Í þessari rannsókn eru nemendur í 10. bekk einnig spurðir út í bóklestur og lestraráhuga. Þar er niðurstaðan sú að hlutfall íslenskra nemenda sem aldrei lesa bækur sér til skemmtunar er yfir meðaltali 35 Evrópulanda og sá hópur sem les daglega undir meðaltali evrópskra jafnaldra (Þóroddur Bjarnason, 2009).

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis þar sem viðhorf tiltekinna hópa barna til lestrar eru kortlögð. Í Lettlandi voru 10 til 13 ára nemendur beðnir um að skilgreina þá bókaflokka sem þeir lásu (Gudakovska, 1996:1). Í ónefndri borg í Bandaríkjunum voru 826 unglingar spurðir um tilgang þeirra með lestri og hvað þeir væru helst að lesa (Hughes–Hassell, 2008:2–9). Þá er það rannsókn Steffensen (2004) þar sem hún ber saman lestrarvenjur á Norðurlöndunum, svo eitthvað sé nefnt. Brynhildur Þórarinsdóttir (2009:571) bendir réttilega á að þessar rannsóknir séu flestar megindlegar, byggðar upp á spurningalistum. Henni finnst lítið hafa verið gert til að velja úrtak sem nær utan um bestu lesendurna. Það vill hún gera með því að ræða við börnin sjálf og komast þannig betur að því hvað það er sem skapar hvetjandi lestrarumhverfi í samfélaginu.

3. Fyrri rannsókn / Viðhorf skólasafnskennara

*Dagleg nærvera ykkar vakti hjá mér fróðleiksfýsn. Eins og með svo mörg önnur hugtök tengd lestrinum fletti ég ykkur upp í Íslensku orðabókinni (2002:1276) þar sem segir: „Gráhreistruð skorfætlutegund, vængjalaust skordýr, meindýr er lifir á jurtafæðu“. Þetta var þó nokkur léttir, alveg öruggt að þið tækjust ekki á loft fyrir augum mínum og ég þyrfti ekki að óttast að þið drykkjuð kaffið mitt! Við enn nánari leit á Netinu komst ég að því að þær, silfurskotturnar, (*Lepisma saccharina*) finnast víða í húsum hér á landi. Þær teljast til kögurskottanna sem taldar eru einn af elstu og frumstæðustu ættbálkum skordýra. Helsta ástæða fyrir veru þeirra hér er að þær sækja í aðstæður þar sem þeim líður vel og geta lifað í fimm ár þó frjósemin sé ekki mikil. Þær eru ekki mikill skaðvaldur en elska matarmylsnu af gólfum.*

(HÓla, 2010)

Eitt af þeim verkefnum sem unnið var á námskeiðinu í *Eigindlegum rannsóknum*, haustið 2009, var eigindleg rannsókn sem byggði á samræðum og greiningu rannsóknargagna, aðferðafræði Vancouver–skólans. Þar voru tekin viðtöl við þrjá einstaklinga, Huldu, Immu og Móu, sem vinna á skólasöfnum grunnskóla. Farið var af stað með opna spurningu um reynslu þeirra af yndislestri nemenda í grunnskólum og var rannsóknarspurningin: „**Hver er reynsla skólasafnskennara af yndislestri nemenda?**“

Upplifun af viðtölunum var sú að viðmælendurnir höfðu frá mörgu að segja. Í fyrsta lagi einkenndist hlutverk þeirra allra að einhverju leyti af kennslu. Þar fléttuðust inn í þau viðmið um skólasafnskennslu sem eru í námskrám hvers skóla. Fyrsti viðmælandi minn sagði: „Ég vil að starfsfólki og nemendum finnist þeir geta leitað til mín með hvað sem er varðandi námið og starfið. Ég vil líka að þeir sjái safnið sem miðpunktinn í skólastarfinu. Ég lít meira á mig sem kennara en bókasafnsfræðing“ (*Hulda*). Þá fannst viðmælendum mínum einnig mikilvægt að veita persónulega þjónustu og hafa andrúmsloftið þannig að það væri gaman og hvetjandi að koma á safnið. „Ég reyni að vera hlýleg og sýna áhuga. Mér finnst það skipta máli upp á það að þau langi að koma hérna og þau eru að droppa

hérna til mín... ég reyni að vera... ekki nornin á bókasafninu heldur góða konan á bókasafninu... ég er ekki norn“ (Imma). Í öðru lagi kom fljótlega í ljós að ástæða þess að viðmælendur mínir störfuðu á bókasöfnum var fyrst og fremst brennandi áhugi þeirra sjálfra á bókum og lestri bóka almennt. Þriðji viðmælandi minn sagðist lesa mikið og taldi að minnkandi lesskilningur nemenda væri vegna þess að þau læsu bara textann en kæmu sér ekki inn í söguþráðinn, hann sagði: „Ég fer bara inn í bókina. Það er bara það sem bókin gerir. Þarna einmitt, þarna vantar hjá krökkunum og alltaf meir og meir. Það að komast inn í bókina“ (Móa). Áhugi viðmælenda minna og skilningur á mikilvægi læsis knúði þá til að kenna nemendum og fékk þá til að gera hvað sem var til að lokka þá inn á söfnin. Samtvinnaðar áhuga þeirra sjálfra og upplifun á lestri voru vangaveltur þeirra um minnkandi lestur, sérstaklega unglinga, og breyttar áherslur í lestrarvenjum. Hér koma nokkrar vangaveltur viðmælenda minna:

Það er eins og þegar þau koma svona í sjöunda bekk eða áttunda þá fara þau að hætta að sækja sér bækur. Það er bara ekki töff að lesa (Hulda).

Mér finnst eins og það sé hætt að gera ráð fyrir að krakkar lesi, sko brottfallið er í sjötta og sjöunda bekk, strákarnir falla fyrr út, stelpurnar halda lengur út (Imma).

Börnin læra það sem fyrir þeim er haft og ef þau sjá foreldrana aldrei setjast niður og lesa í bók að þá er það kannski bara eitthvað sem þau þekkja ekki (Hulda).

Ég held að heimilið spili mikið inn í þetta og því miður þá virðist vera mikið af heimilum þar sem ekkert, foreldrarnir lesa ekki og það er ekkert gert í því að gera þetta aðlaðandi, það er ekki lesið fyrir þau (Imma).

Enn halda viðmælendur mínir áfram að tjá sig um efnið og næst er verið að fjalla um foreldra þegar sagt er „við“,

Við erum nefnilega ofboðslega dugleg við að senda tvöföld skilaboð til barna. Við segjum: það er mjög gott að lesa og þú átt endilega að lesa. En sjái maður barn liggja upp í sófa að lesa í glaða sólskini eða góðu veðri: Hvað ertu að gera liggjandi hérna upp í sófanum að lesa. Af hverju ertu ekki úti að leika þér (Móa).

Í framhaldi af áhyggjum viðmælenda minna af minnkandi fyrirmyndum sem foreldrar sýna heima, ítreka þeir allir að nauðsynlegt sé að örva lestur og að aldrei megi slaka á í því sambandi:

Maður þarf bara alltaf að vera að... ég held það megi sem sagt ekki slaka á í þessu (Hulda).

Það vantar hvatninguna, að heiman ekki síst... kannski þyrftum við bara að hætta að hugsa um foreldrana og reyna bara að gera okkar besta (Imma).

Í viðtölunum kom einnig mjög greinilega fram hversu mikilvægt viðmælendum mínum fannst að eiga samvinnu hver við annan. Þeir funduðu einu sinni í mánuði og höfðu um þá samvinnu að segja:

Við erum bara að láta vita hvað við erum að gera og hvað við erum að kenna og stundum þurfum við bara að pústa... já, já það er alveg nauðsynlegt að hittast svona, það er eiginlega lífsnauðsynlegt (Hulda).

Við segjum hvor annarri frá einhverju sniðugu sem við höfum verið að gera... og deilum, við sem erum búnar að lesa segjum hvor annarri frá... Þetta er æ-ð-i, þetta er æðislegt því ég kemst ekki yfir að lesa allar þessar bækur... ég get ekki hugsað mér þetta starf án þessarar samhjálpar (Imma).

M-j-ö-g gott. Þegar maður er einn, þá er maður svolítið einn í heiminum... þetta er bara svona pepp hvor frá annarri og allt þetta sem við þurfum á að halda svona stundum (Móa).

Greinilegt var að mikið starf fór fram á bókasöfnum grunnskólanna og aðdáunarvert hversu fjölpætt og veigamikið starfið var. Gaman væri ef sú vinna og alúð sem skólasafnskennarar leggja í starfið bærast meira til eyrna almennings.

Í eigindlegri rannsóknarvinnu er mikilvægt að skilja ákveðið fyrirbæri betur og átta sig á að verið er að auka við ákveðna þekkingu (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:249). Það er ekki spurning í mínum huga að eftir að hafa gert þessa rannsókn jókst fróðleikur og skilningur á fyrirbærinu „yndislestur á skólabókasöfnum“. Eftir að hafa skoðað, heyrt og séð hvað fram fór á skólabókasöfnunum mætti álykta að vandinn væri kannski á öðrum stöðum. Hér vöknudu fyrst hugmyndir um að fróðlegt væri, í framhaldi af þessari rannsókn, að skoða betur þátt heimilanna og hvort rétt sé að víða á íslenskum heimilum sé hvergi bók að sjá og að foreldrar lesi ekki. Þá þótti einnig forvitnilegt að rannsaka betur hvað veldur því að margir unglingar hætta smám saman að lesa. Orð Zafón (2006:546) sem vitnað er í sem gullkorn í upphafi og er úr bókinni *Skuggi vindans*, lýsir í raun þeim áhyggjum sem margir kennarar og fræðimenn víða um heim hafa af minnkandi bóklestri. Það er vel hægt að spyrja sig hvort listin að lesa sé smám saman að deyja út?

4. Aðferðafræði

*Allt í einu fékk ég hugmynd. Litli skemmtilegi viðtalshópurinn minn hafði fengið nafn, **Skottin**, nema hvað! Það gat nú ekki verið svo alslæmt að vera líkt við vinkonur mínar silfurskotturnar í kjallaraheberginu mínu. Á tveggja ára námsferli mínum elduðum við grátt silfur saman sem einkennir gjarnan samskipti unglunga við þá fullorðnu. Unglingarnir eru samt, svipaðir silfurskottunum mínum í kjallarakompunni, meinlausir, ósköp fallegir og yndislegir þegar maður á við þá jákvæð samskipti.*

(HÓla, 2010)

Í þessum kafla er fjallað um hvaða aðferðum var beitt við gerð þessarar rannsóknar og hvernig hún var framkvæmd. Þá er rætt um gagnasöfnun, á hvern hátt gögnin voru greind og að lokum er umræða um réttmæti og áreiðanleika.

4.1 Rannsóknaraðferð

Rannsóknin var eigindleg aðferð og rannsóknarsnið sótt til fyrirbærafræðanna sem skoðar þá reynslu sem einstaklingar upplifa í lífi sínu. Fyrirbærafræðin býður ekki upp á fljótvirka kenningu heldur frekar upp á trúverðugleika þess sem býr í einstaklingunum og færir okkur þannig í meira samband við heiminn. Munur er á því að skilja fyrirbærafræðileg verkefni vitsmunalega og þess að skilja það „innan frá“. Rannsakendur eiga það til að girnast ákveðnar hugmyndir þó svo að sannur skilningur fyrirbærafræða geti aðeins orðið fullgerður með því að aðhafast eitthvað (Van Manen, 2003:8–9).

Sérhver einstaklingur sér heiminn í sínu eigin ljósi og mótast af fyrri reynslu sinni og eigin túlkun á henni. Með eigindlegri rannsóknaraðferð er lögð áhersla á að rannsakandinn byggji upp, í samvinnu við þátttakanda, ákveðna heildarmynd af því hvernig reynsla sú sem rannsökuð er lítur út frá sjónarhóli þess einstaklings. Myndin er síðan borin saman við þá mynd sem byggð er upp varðandi næsta þátttakanda og þannig koll af kolli þar til heildarmynd af fyrirbærinu er fullmótuð. Rannsakandinn þarf að vera næmur og opinn á fyrirbærið sem hann er að rannsaka og opinn fyrir sýn annarra (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:249). Til að auka við reynsluheiminn og fyrri þekkingu er nauðsynlegt að afla þekkingar fræðilegs efnis og sjóndeildarhringurinn þannig

víkkaður. Það gefur tækifæri til að leggja nánara mat á svör unglínganna og skilja hvað liggur að baki upplifunum þeirra og reynslu af yndislestri á unglíngsárum.

Eigindlegar rannsóknir byggjast á samtalsaðferð þar sem rannsakandinn þarf að taka viðtöl við einstaklinga sem hafa upplifað þá reynslu sem hann ætlar að rannsaka (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:249). Á þennan hátt verða viðtölin félagsleg athöfn þar sem rannsakandinn og viðmælandi endurspeglar flókið samspil hugsana, hegðunar, skynjana og tilfinninga. Skynjun á því sem er að gerast byggist á túlkun sem er síbreytileg og rannsóknargögnin hið talaða orð (Helga Jónsdóttir, 2003:67–68).

Sú viðtalstækni sem notast var við í þessari rannsókn er kölluð óstöðluð einstaklingsviðtöl. Viðtölin fólust í samræðum þar sem umræðuefnið var ákveðið af rannsakanda en innihald samræðnanna ekki (Helga Jónsdóttir, 2003:73). Í rannsókninni var því notast við opnar spurningar. Þær spurningar vöktu unglíngana til umhugsunar og kröfðust rökhugsunar. Þær áttu sér ekki eitt ákveðið svar, heldur kölluðu á ólík svör (Ingvar Sigurgeirsson, 1998:14). Seidman (1998:69–70) fjallar um tvær tegundir af þess konar viðtalstækni. Annars vegar er „langt ferðalag“ (grand-tour) þar sem rannsakandinn biður þátttakanda til dæmis að lýsa fyrir sér vinnudegi frá morgni til kvölds og hins vegar það form sem valið hefur verið í þessari rannsókn og kallast „stutt ferðalag“ (mini-tour) þar sem rannsakandi biður þátttakanda að lýsa í enn meiri smáatriðum ákveðinni reynslu af tilteknu fyrirbæri.

4.1.1 Spurningalisti fyrir viðtal

- Hvernig upplifir þú lestur þinn?
- Finnst þér þú lesa mikið eða lítið? Af hverju?
- Hvað hefur þú lesið margar bækur síðustu 30 daga?
- Hvað lestu helst?
- Finnst þér skemmtilegt að lesa? Af hverju (hvað gerir bókin fyrir þig)?
- Hvað finnst þér skemmtilegast að lesa? Af hverju?
- Áttu þér uppáhaldsbók? Af hverju velur þú þessa bók?
- Lestu eitthvað annað en skemmtibækur og hvað þá helst? (tímarit, teiknimyndasögur, vefsíður, dagblöð)! Af hverju?
- Færð þú bækur í jólagjöf? Hver gefur þér bók?
- Finnst þér þú lesa meira eða minna en vinir þínir eða skólafélagar?

- Af hverju heldur þú að þú lesir lítið/mikið?
- Hvað ertu að gera í staðin ef þú lest lítið? Helstu áhugamál?
- Hver hvetur þig til að lesa?
- Hvernig heldur þú að hægt sé að hvetja krakka meira til að lesa?
- Finnst þér krakkar eiga eða þurfa að lesa meira? Hvers vegna?
- Eru bækur í bókahillum heima hjá þér?
- Finnst þér vera mikið lesið heima hjá þér? Hvernig þá? Hvað er verið að lesa?
- Var lesið fyrir þig þegar þú varst yngri? Hver las, hvað var lesið?
- Á hvern hátt hefur skólinn hvatt þig til að lesa?
- Finnst þér þú fá tíma og næði til að lesa? Heima og í skólanum?
- Finnst þér vera munur á lestrarhvatningu milli stiga? Hvernig var það á yngsta stigi? Hvernig var það á miðstigi? Hvernig er það núna á unglingsstigi?
- Ertu að lesa bók/bækur á Netinu? Hvernig bækur?
- Af hverju heldur þú að unglingar lesi minna en yngri börn? Að lestur fari minnkandi hjá þeim?
- Hvernig heldur þú að heimur væri án bóka?

4.1.2 Helstu kostir og gallar rannsóknarsniðsins

Bæði eigindlegar– og meginlegar rannsóknaraðferðir hafa vissulega sína kosti og galla og það getur farið eftir viðfangsefni hvor þeirra hentar betur. Meginlegar rannsóknir er það rannsóknarsnið sem var allsráðandi áratugum saman og fólst í mælingum og tölum. Seinna varð til nálgun sem nefnd var eigindleg rannsóknaraðferð. Þá hættu menn einungis að mæla en lögðu þess í stað einnig áherslu á að setja sig inn í hugarheim og umhverfi þeirra sem rætt var við. Eigindleg aðferð byggist því á upplifun þeirra einstaklinga sem verið er að skoða og til þess eru tekin viðtöl. Hægt er að vinna með meginlegar– og eigindlegar aðferðir saman og skilin á milli þeirra eru ekki alltaf ljós. Sumir telja helsta muninn vera frekar á heimspekilegum nótum en aðferðafræðilegum. Aðalmálið er auðvitað að stunda góða rannsóknarvinnu sama á hvorn veginn hún er gerð (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003:220–226).

Kosti þess að beita viðtalstækni telur Seidman (1998:1–3) vera að með því að fá sögur fólks í smáatriðum, myndist tækifæri til að fræðast og skilja betur það

ákveðna fyrirbæri sem verið er að rannsaka. Hann segir að þeir sem beiti viðtalstækni til rannsókna geri það vegna áhuga á sögu þeirri sem er á bak við hvern einstakling og þeim tilgangi sem þeir leggja í reynsluna. Það fær rannsakandann til að skilja að hann er ekki miðja alheimsins og að sögur annarra eru einnig áhugaverðar.

Ein af meginhættum fyrirbærafraeðinnar er að hætta gagnasöfnun of snemma, það er að segja áður en heildarmyndin er orðin nægilega skýr (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:251). Þessi aðferð er einnig tímafrek. Rannsakandinn þarf að gera sér í huga framkvæmd, fá samþykki, hafa samband við þátttakendur, taka viðtölin, skrifa innihald þeirra upp orðrétt og síðan að vinna með efnið og deila niðurstöðunum (Seidman, 1998:5–6; Shank, 2002:18–165).

Shank (2002:185–194) fjallar á skemmtilegan hátt um dauðasyndirnar sjö í eigindlegum rannsóknum. Þar segir hann að rannsakandinn verði að gæta þess að ein stærð henti ekki öllum. Hann verður að gæta sín á því að eigindlegar rannsóknir eru ekki umslag þar sem dreifa á upplýsingum. Ekki er hægt að temja allt, þægileg niðurstaða er sennilega röng, heimurinn er rannsakandanum ekki til skemmtunar og lífið heldur áfram án hans. Að síðustu segir hann að góð hugmynd sé vel þess virði að verja.

4.1.3 Val á meðrannsakendum

Ákveðið var að þeir unglingar sem rætt yrði við í þessari rannsókn væru úr sömu skólum og skólasafnskennararnir. Því lá beint við að hafa samband við umsjónarkennara 8. bekkjar þeirra skóla og fá hjá þeim lista yfir nemendur. Nöfnin voru prentuð út, blöðin klippt niður og síðan dregin út fjögur nöfn, tvær stúlkur og tveir drengir í hverjum skóla. Til að ná fram ákveðinni metnun við rannsóknarvinnu er talið að það þurfi að ræða við 5–15 einstaklinga. Þetta er þó ákaflega misjafnt og fer eftir efni og aðstæðum hverju sinni (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:249).

Katrín Blöndal (2004:1) segir að í eigindlegum rannsóknaraðferðum byggist val rannsakanda á úrtakinu á huglægri ákvarðanatöku og endurspegli gjarnan þekkingu og hugmyndir hans á þeim sem taka þátt og því fyrirbæri sem hann ætlar að rannsaka. Helga Jónsdóttir (2003:82) bendir einnig á að mörg álitamál geti komið upp í viðtölunum þar sem um mannleg samskipti er að ræða.

Hún segir að rannsakandi verði að vera viðbúinn óvæntum atburðum og líta á þá sem dýrmæta reynslu, faglega, ekki síður en persónulega.

4.1.4 Skilyrði fyrir vali í úrtakinu

- Að unglíngarnir væru í sömu skólum og í rannsókn skólasafnskennaranna.
- Að unglíngarnir væru því staðsettir í grunnskólum á Akureyri og/eða nágrenni.
- Að unglíngarnir væru nemendur í 8. bekk.
- Að unglíngarnir ættu ekki við námserfiðleika að glíma eins og til dæmis leshömlun.
- Að meðaleinkunn unglínganna væri ekki undir 8 í lok 7. bekkjar.

Ástæða þess að óskað var eftir að unglíngarnir ættu ekki við námserfiðleika að glíma var sú að nauðsynlegt þótti að hafa þýðið þannig að þau væru á svipuðu róli.

4.1.5 Einkenni unglínganna

- Sex drengir og sex stúlkur.
- Aldur 13–14 ára.
- Staðsetning, grunnskólar Akureyrar/og eða nágrenni.
- Fjölskylduaðstæður:
 1. Foreldrar og engin systkini x
 2. Foreldrar og tvö systkini xxx
 3. Foreldrar og þrjú eða fleiri systkini xxxx
 4. Móðir, fósturfaðir og tvö systkini x
 5. Einstæð móðir og eitt systkini xx
 6. Einstæð móðir og þrjú systkini x

4.2 Gagnasöfnun

4.2.1 Aðferðir við upplýsingasöfnun

Upplýsingaöflun fékkst við samræður við unglíngana þar sem lagt var upp með eina opna rannsóknarspurningu. Til stuðnings voru nokkrar spurningar hafðar með til að leiða viðtalið áfram. Nauðsynlegt reyndist að hafa þær og nýttust þær í

öllum viðtölunum. Unglingarnir voru yfirleitt mjög hógværir og svöruðu oftast með stuttum svörum.

Ýmsar leiðir voru farnar við að taka viðtölin upp og voru þau tekin á tímabilinu 31. janúar 2010 – 21. apríl 2010. Fyrsta viðtalið var tekið upp á heimili unglingsins í samstarfi við móður hans. Næstu tvö voru tekin í viðkomandi skóla. Í því sambandi var gott samstarf við umsjónarkennara og leyfi fengið til að taka viðtölin upp á bókasafni skólans. Fjórða viðtalið var tekið heima hjá vinkonu unglingsins. Næstu fjögur viðtöl náðust á einu bretti í viðkomandi skóla. Þar var einnig gott samstarf við umsjónarkennara og fundarherbergi skólans fengið til afnota hjá ritara. Síðustu fjögur viðtölin voru tekin heima hjá viðkomandi einstaklingum, í góðu samstarfi við foreldrana. Mætt var jákvæðni og hlýlegum móttökum. Var það mikils virði og fá viðkomandi bestu þakkir fyrir.

4.2.2 Siðferðislegar vangaveltur

Rannsóknin þarf að byggja á fjórum grunnreglum rannsókna sem eru virðing, skadleysi, að láta sem best af sér leiða með sem minnstu fórnun og loks réttlæti (Sigurður Kristinsson, 2003:163–164). Við gerð ritgerðarinnar var leitast við að fjarlægja öll hugsanleg ummerki þannig að ekki væri hægt að rekja hverjir unglingarnir væru. Dulnefni voru notuð. Um leið og samþykki fyrir viðtali var fengið var þagmælsku og trúnaði lofað og áður en hvert samtal hófst formlega var það ítrekað við unglingana. Þessir þættir voru meginforsendur fyrir því að rannsóknin stæðist siðferðislegar kröfur. Nauðsynlegt er að rannsakandinn búi þannig um hnútana að ekki verði hægt að rekja upplýsingar til meðrannsakenda.

4.3 Greining gagna

Öll viðtölin voru tekin upp á diktafón og þau síðan skrifuð orðrétt niður. Þannig hófst hin eiginlega greining gagna. Úr gögnunum voru fundin nokkur meginþemu sem síðan voru borin saman, flokkuð og að lokum unnið úr þeim niðurstöðum sem þar fengust.

4.4 Umræða um réttmæti og áreiðanleika

Umræða um réttmæti og áreiðanleika í eigindlegum rannsóknum snýr meðal annars að því að kanna hvort rannsakandanum hafi í raun og veru tekist að greina rauða þráðinn í því sem meðrannsakendur höfðu að segja. Fjallað er um helstu

ógnanir við réttmæti eigindlegra rannsókna sem eru þær að það vantar fyllri mynd af fyrirbærinu, skekkja í úrtaki, ónóg fagleg fjarlægð og ótímabær rannsóknarlok (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:261). Þar sem ekki eru til nein marktækniþróf í eigindlegum aðferðum ber rannsakandi sérstaka ábyrgð á því að lesandinn geti treyst því að hann hafi fundið það mikilvægasta út úr rannsóknargögnunum og að hann birti það með trúverðugum hætti (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003:234). Í þessari rannsóknarvinnu var leitast við að fylgja þessum þáttum. Á meðan á viðtölunum stóð voru sífelldar vangaveltur um mettun. 12 viðtöl þóttu nauðsynleg til að fylla upp í mynd af fyrirbærinu *Hvernig eru lestrarvenjur unglínga í 8. bekk?* Þá var leitast við að vanda úrvinnslu sem best þannig að góð breidd fengist í úrtakið og það yrði ekki of einsleitt. Þægilegri fjarlægð við unglíngana var haldið til að missa ekki hið gagnrýna auga. Að lokum var reynt að vanda greiningarferlið þannig að niðurstöður yrðu sem trúverðugastar.

4.5 Leyfi

Nauðsynlegt er að bera kennsl á siðferðislega þætti rannsókna, hugsa og ræða skynsamlega um siðferði rannsókna og leita sér frekari upplýsinga. Í eigindlegum rannsóknum er nauðsynlegt að þátttakendur gefi upplýst samþykki (Sigurður Kristinsson, 2003:172–178). Í þessari rannsókn fékk höfundur upphaflega leyfi hjá fræðslustjóra Akureyrar til að afla upplýsinga um einkunnir nemenda í þremur ákveðnum bekkjum í grunnskólum Akureyrar og nágrennis. Þegar það leyfi var fengið var það borið undir skólastjóra grunnskólanna og umsjónarkennarar síðan beðnir um að veita upplýsingar um þá nemendur sem gátu tekið þátt, út frá þeim viðmiðum sem sett voru. Nöfn þeirra nemenda sem féllu undir viðmið höfundar voru sett í pott og dregin upp af handahófi, fjórir nemendur í hverjum skóla. Áður en viðtal var tekið við nemendur var hringt í foreldra þeirra og samþykki fyrir þátttöku fengið.

Samkvæmt upplýsingum frá Persónuvernd er ekki nauðsynlegt að fá leyfi fyrir þessari rannsókn en skylda var að tilkynna hana og var það gert.

5. Niðurstöður

Ef silfurskotturnar í kjallaranum mínum elskuðu að narta í brauðmyslu, hnetumysl eða kökubita sem ég missti á gólfíð, hljóta viðmælendur mínir, Skottin, að elska það líka. Ég ákvað að kaupa eitthvað gott handa þeim og gaf þeim í lok hvers viðtals!
(HÓla, 2010)

Upplifun af viðtölunum var sú að unglingarnir höfðu frá ýmsu að segja. Lagt var upp með að spyrja þau um lestrarvenjur sínar og var fyrsta spurningin: „Á hvern hátt upplifir þú lestur þinn, finnst þér þú lesa mikið eða lítið?“ Síðan var haldið áfram að spyrja nánari spurninga. Þó lagt væri upp með að fá svör við hinum ýmsu spurningum voru það fyrst og fremst svör unglinganna sjálfra sem leiddu viðtalið áfram. Aðeins bar á feimni en það var misjafnt eftir einstaklingum. Stundum þurfti að endurtaka spurninguna eða umorða hana og hvetja þau til að svara.

5.1 Lestraráhugi unglunga

Jaaaa, ég hef beint ekki áhuga á því að lesa svona almennt en ég les yfirleitt bara það sem ég hef áhuga á (Bjartur).

En sem sagt mér finnst mjög gott að lesa og, og notalegt, slaka á og svona og les oft á kvöldin svona og sofna við bókina (Jens).

Sko ég les, held ég, þó nokkuð mikið. En ég geri bara svolítið mikið þannig að ég hef ekki svakalega mikinn tíma (Þura).

Nei við spjöllum ekki um það hvað við erum að lesa og fáum ekki ráð hjá hvor öðrum (Snorri).

Allir unglingarnir voru vel meðvitaðir um bækur, gildi þeirra og mikilvægi þess að kunna að lesa. Tilgangurinn með lestrinum fannst þeim þó misjafn. Mörg þeirra minntust á að bækur væru skemmtun og það væri nauðsynlegt að lesa til að fá meiri fræðslu. Sunna talaði um að það væri hollt að lesa, Hallur að það eflði hugann og Anna að það bætti ímyndunaraflíð. Jens talaði um að í gegnum bækur kynntist maður umheiminum og sæi hann í víðara sjónarhorni auk þess sem hann sagðist slaka á við lestur á kvöldin og sofnaði oft með bók í hönd. Inga var sammála Jens og taldi lestur fyrir svefn mjög þægilegan. Metta taldi lestur

nauðsynlegan til að viðhalda hæfileikunum til að geta lesið. Hún benti einnig á að með lestri skemmtibóka sem barn, væru meiri líkur á að einstaklingurinn nyti þess að lesa á eldri árum. Hallur og Krummi voru sammála því að lesturinn yki lestrarhraða og Hallur sagðist líka læra ný orð. Að síðustu kom Anna með þá athugasemd að lestur væri nauðsynlegur undirbúningur fyrir komandi framhaldsnám, því þar þyrfti mikið að lesa, og með lestri tengdist maður persónum og lærði að setja sig í spor annarra.

Lestraráhuginn var misjafn. Til að komast betur að því hvað lá á bakvið það sem unglíngarnir töluðu um sem mikinn eða lítinn lestur, voru þau spurð að því hvað þau hefðu lesið mikið síðustu 30 daga. Sunnu, Jens og Ingu fannst þau lesa mikið og Guðni sagðist lesa á hverju kvöldi. Inga hafði lesið þrjár bækur í síðasta mánuði, Sunna tvær, Jens og Guðni eitthvað á hverju kvöldi, það kom þó fram að vegna tímaskorts hafði Jens ekki náð að lesa heila bók síðastliðinn mánuð en las fjórar um jólin. Krumma fannst hann lesa ágætlega mikið og Þuru og Mettu fannst þær einnig lesa ágætlega mikið, bara ekki núna að undanfögnu. Krummi var búinn með eina bók í síðasta mánuði og byrjaður á annarri. Hvorki Þura né Metta höfðu gefið sér tíma til að lesa síðastliðinn mánuð. Bjartur og Unnur sögðust lítið eða ekkert lesa og undir það tóku Snorri og Hallur sem töldu sig ekki vera bókaorma. Varla þarf að taka það fram að ekkert þeirra var með skemmtibók á náttborðinu. Anna hafði áhuga á því að lesa en taldi sig hafa lítinn tíma og læsi mest á sumarkvöldum og á haustin. Hún hafði því ekki heldur lesið bók í síðasta mánuði.

Unglíngarnir voru næst spurðir að því hvort þeim fyndist þeir lesa meira eða minna en vinir sínir. Jens, Mettu, Þuru, Krumma, Guðna og Halli fannst þau öll lesa meira en vinir sínir en Sunnu, Snorra og Önnu fannst þau lesa svipað eða jafnmikið. Inga sagðist eiga vini sem læsu bæði meira og minna og taldi sig því vera í meðallagi. Bjartur og Unnur voru þau einu sem fannst þau lesa minna en vinir sínir.

Ástæðu fyrir minnkandi lestri unglínga töldu þau mörg vera meira sjónvarpshorf og aukin tölvunotkun. Þá töldu sum að unglíngar eyddu meiri tíma með vinum sínum, æfðu meira íþróttir og væru með meiri heimalærdóm. Inga sagði: „Ég held að það séu ekkert rosalega margir sem eru eitthvað að lesa mikið“. Undir þetta tók Þura og sagði: „Kannski er meira að gera eða bara áhuginn er ekki jafn mikill“. Krummi vildi ekki koma með ákveðna þætti en tók

að sumu leyti undir það sem stúlkurnar sögðu þegar hann sagði: „*Þeim finnst þau bara hafa eitthvað betra með tímann að gera*“.

Í niðurstöðunum var svolítið erfitt að átta sig á því hvort þau fylgdust með lestri hvers annars. Það var nokkuð misjafnt. Sumir gerðu sér enga grein fyrir því hvað félagarnir voru að lesa og sögðust aldrei spjalla um það. Helst virtist það vera á milli drengjanna. Sumir drengirnir höfðu þó skoðun á því og töldu þá vini sína lesa lítið eða ekki neitt. Stúlkurnar töluðu um að eiga bæði vini sem læsu mikið, lítið og eiginlega ekkert. Töluðu um tímaleysi en að þær myndu örugglega spjalla um það ef eitthvað spennandi kæmi upp.

5.2 Bókaval unglinga

5.2.1 Stúlkur

Já, ég á eina uppáhaldsbók og það er ekkert mjög langt síðan ég las hana. Hún heitir Rótleysi, rokk og rómantik... Það gerist svo mikið í henni, vandamál og svoleiðis og hún er spennandi (Sunna).

Svona unglingsbækur... Já, ég les stundum Júlíu, blaðið... Ég les stundum myndasögurnar (Unnur).

Stúlkurnar vildu venjulegar unglingsbækur, stelpubækur, ástarsögur og drama. Þær vildu spennandi ævintýrabækur og léttar bækur. Þá skoðuðu sumar þeirra tímarit, flettu dagblöðum og kíktu á bæklinga sem bárust inn með póstinum. Engin þeirra var að lesa bækur í tölvu og virtust þær frekar líta á tölvuna sem afþreyingu en að þar færi fram lestur.

Til þess að bók væri skemmtileg fannst þeim skipta máli að hún væri full af vandamálum og í henni spenna þar sem mikið væri að gerast. Ein talaði um að það væri gaman að lesa um fallega vináttu. Metta talaði á svo skemmtilegan hátt um það hvernig lestur bóka væri öðruvísi en að horfa á mynd. Í bókinni gæti maður ímyndað sér sinn eigin heim.

Um síðustu jól gerðist það í fyrsta skipti að Sunna og Inga fengu enga bók í jólagjöf og fannst það leiðinlegt. Unnur hafði hins vegar fengið þrjár bækur í jólagjöf en enga þeirra lesið. Metta fékk eina bók og var ennþá að lesa hana um miðjan mars. Þura og Anna fengu báðar tvær bækur í jólagjöf. Þura las sínar bækur en hefur sama og ekkert lesið síðan um jól. Þura var, eins og þær Sunna og Inga, hissa á því hvað hún fékk fáar bækur í jólagjöf. Sagðist alltaf vera von að fá

sex eða sjö bækur og vissi ekki af hverju hún fékk svona fáar núna. Anna var ennþá að lesa fyrri bókina sem hún fékk að gjöf um jólin.

5.2.2 *Drengir*

Já, ég er sko að safna myndasögum... Syrpur, ég á tvö hundruð og eitthvað sko... Uppáhaldsbók?... Ég myndi segja SYRPAN (Guðni).

Bara svona ýmislegt, ævintýra og... ekkert svona sérstakt bara félagslega skemmtilegar og spennandi (Krummi).

Drengirnir vildu lesa unglingspennusögur, ævintýrasögur, íþróttafréttir og/eða íþróttasögur, myndasögur og grínbækur. Þá skoðuðu sumir þeirra dagblöð, Lifandi vísindi, Andrésblöð og fótboltableð. Algengt var að þeir töluðu um að lesa og eða líta annað slagið í Syrpuna en einn þeirra safnaði henni og átti yfir 270 Syrpur.

Bjartur, sem sagðist lítið lesa annað en það sem tengist íþróttum, taldi það mikilvægt að krakkar fengju að lesa um það sem þeir hefðu áhuga á. Krummi sagðist lesa félagslega skemmtilegar og spennandi bækur og Guðni sagðist fá fróðleik og skemmtun út úr þeim. Að öðru leyti voru drengirnir ekki mikið að tjá sig um það hvað góð bók ætti að innihalda.

Bjartur fékk enga bók í jólagjöf og man ekki eftir því að hafa fengið bækur. Jens fékk aftur á móti fjórar bækur og las þær allar í jólafríinu. Guðni og Krummi fengu báðir fimm bækur í jólagjöf. Guðni hafði lesið sínar en Krummi hafði bara lesið þrjár af sínum. Hinar flokkaði hann sem leiðinlegar og pakkaði þeim strax niður. Hann sagði að þetta hefðu verið einhverjar ódýrar pakkabækur. Snorri og Hallur fengu báðir eina bók í jólagjöf. Hallur hafði ekki áhuga á að lesa en Snorri kláraði sína strax. Snorri sagðist vera vanur að fá bók í jólagjöf og að sér fyndist það ágætt.

5.3 *Lestrarhvatning unglinga*

5.3.1 *Lestrarhvatning heimilanna*

Já. Pabbi las alltaf fyrir mig og systur mína áður en við fórum að sofa. Las alltaf fyrir okkur, við eigum svona bók með 365 sögum, las þannig sögur á kvöldin... ég hef alltaf verið svona svolítið sjálfstæð, alltaf gert allt sjálf og þannig að ég býst við að það hafi verið svona... þegar ég var sex ára eða eitthvað. Ég var orðin læs á síðasta ári í leikskóla... Ég las fyrir þau meira, frekar en þau fyrir mig (hlær) (Anna).

Spurt: Eru bókahillur á heimilinu? Nei, við erum ekki svona lestrarfólk (Hallur).

Heimilisaðstæður unglínganna voru misjafnar. Sjö þeirra bjuggu hjá báðum foreldrum þar sem aðeins eitt af þeim var einbirni en hin sex áttu öll tvö eða fleiri systkini. Einn bjó hjá móður og fösturpabba og átti systkini. Þrjú bjuggu bara hjá móður en áttu eitt, tvö eða fleiri systkini. Í rannsókninni er ekki sérstaklega verið að skoða áhrif þessa þáttar en ljóst er að sú fyrirmynd sem unglíngarnir hafa, fór að sjálfsgöðu nokkuð eftir fjölskyldustærðinni. Þess vegna þótti nauðsynlegt að koma aðeins inn á þennan þátt.

Fimm af unglíngunum mundu ekki eftir því að lesið hefði verið fyrir þá þegar þeir voru yngri en sum þeirra tóku það þó fram að þeir héldu að það hefði verið gert. Inga sagði: „*Man ekki eftir því að það væri lesið fyrir mig en tel það víst þar sem það er verið að lesa fyrir yngri systur mína*“ og Hallur sagði: „*Það var... sko bara afti stundum og pabbi og mamma, held ég*“. Sjö þeirra mundu þó greinilega eftir því að fyrir þau var lesið eða höfðu allavega sterka tilfinningu fyrir því. Í þessu sambandi voru ýmsir aðilar nefndir svo sem mamma, pabbi, amma og systkini. Gaman er að segja frá því að tvö þeirra tóku fram að amma þeirra hefði mikið lesið fyrir þau og að þau hefðu notið þess.

Misjafnt var líka hverjir á heimilinu hvöttu börnin mest. Þar var ekkert eitt meira afgerandi en annað þó stundum mætti lesa ýmislegt úr aðstæðum. Um það verður rætt í umræðukaflanum. Tveir unglínganna töldu mömmu sína hvetja sig mest til að lesa, tveir töldu pabba vera þar í afgerandi forystu og þrjú úr hópnum töluðu um bæði mömmu og pabba sem helstu hvatningaraðila. Aðeins var minnst á ömmur í þessu samhengi og tvö þeirra töldu hvatninguna koma mest frá þeim sjálfum. Þau þrjú sem ekki svara þessari spurningu á afgerandi hátt eru öll litlir bókaormar og eitt þeirra, hann Bjartur, sagði: „*Ég fæ svona að stjórna því sjálfur*“.

Á þeim heimilum sem unglíngarnir töluðu um að væri töluvert lesið var gjarnan talað um kvöldlestur, mamma, pabbi eða systkini lásu áður en þau fóru að sofa. Hér var ýmist talað um mikinn lestur eða eitthvað smá. Anna sagði að foreldrar sínir gripu oft í bók þegar þeir væru að hvíla sig. Hallur talaði um að mamma sín læsi stundum og Þura gat alveg greint að mamma sín læsi töluvert meira en pabbi sinn. Þetta virtist því vera mjög misjafnt eftir heimilum og í þessum viðtölum var hægt að finna bæði mikinn bókaáhuga fjölskyldumeðlima og

einnig mjög lítinn eða engan. Þegar Jens var spurður að því hvort hann yrði var við það að einhver læsi á heimilinu svaraði hann: „*Já við erum, það er... hefð í fjölskyldunni að við sem sagt bara förum oft snemma að sofa og sem sagt lesum bara frekar þá í hálf tíma eða klukkutíma, og sofnum svo. Þetta er yfirleitt svona kvöldlestur*“, á meðan Bjartur svaraði sömu spurningu: „*Jaaa, það er kannski bara pabbi sem les dagblaðið en það er eiginlega engin sko, ekki nema það sé eitthvað verið að læra*“.

Næst var að forvitnast um bókakost heimilanna. Á aðeins einu heimilinu virtist ekki vera neitt um bækur. Á öðru heimili virtust bækurnar eingöngu vera staðsettar, að einhverju leyti, inni í herbergjum og höfðu bókahillurnar að mestu horfið með pabba sem flutti að heiman. Á tveimur heimilum var tekið fram að í stofunni væru skrautbækur eða fræðibækur en eitthvað um bækur inni á skrifstofu eða í herbergjum. Á enn einu heimilinu voru aðeins örfáar bækur í stofuhillu en hinar geymdar uppi í skápum. Hin sjö töluðu um að á heimilum þeirra væri ýmist mikið af bókum eða eitthvað af þeim. Þær væru staðsettar frammi í holi eða gangi, inn í vinnuherbergi, tölvuherbergi, stofunni, svefnherbergjum, geymslunni og jafnvel í kjallaranum, þær sem ekki komust fyrir annars staðar eða voru komnar til ára sinna.

5.3.2 Lestrarhvatning í skólanum

Það er ekki jafnmikið núna. Það var alltaf, þú veist, í yngri bekkjunum. Þá var lesið fyrir okkur og við förum reglulega á bókasafnið og þannig. Svo á jólnum þá er alltaf lesið... nú förum við allir á unglíngastigi niður í mat, en það var lesið áður (Inga).

Það þarf að finna réttu bækurnar og láta lesa upp úr þeim svona, einhvern sem kann svona og getur lesið skemmtilega og svoleiðis (Þura).

Strax kom í ljós, þegar unglíngarnir voru spurðir að því hvort þeir fundu fyrir mismunandi hvatningu í skólanum milli stiga, að svo fannst flestum. Ekki alveg öll höfðu skoðun á því. Þeir sem fundu fyrir mun á milli stiga, töluðu um að á yngsta stigi væri mikið verið að hvetja þá til að lesa. Þeir væru látnir lesa á hverjum degi og hefðu þurft að fara heim með bækur þar sem þeir áttu að lesa ákveðnar blaðsíður og láta kvitta fyrir. Þetta virtist þeim finnast sjálfsagður þáttur í því að læra lestur og að æfa sig í lestri. Á miðstigi fannst þeim kennarinn ennþá hvetja þá töluvert og töluðu um að hann hefði lesið fyrir þá skemmtilegar bækur í nestistímunum. Á unglíngastigi fannst þeim helsta hvatningin fara fram í

lestrarátaki og að íslenskukennarinn læsi stundum upphátt fyrir þá í byrjun hverrar kennslustundar. Nokkrir töluðu um að kennarinn væri ennþá með sérstakar yndislestrarstundir. Unglingunum fannst minna lesið fyrir unglíngastigið og að þeim sé sjaldnar sagt hversu mikilvægt það sé að lesa. Ingu fannst það ekkert endilega vera hlutverk kennaranna að hvetja til lestrar, þeirra hlutverk væri að setja fyrir heimalærdóm. Krummi tók undir með Ingu og sagði að kennarar þyrftu ekki að láta nemendur sína lesa yndislestur. Hann væri alveg sáttur við að lesa skemmtibækur heima.

Í rannsókninni tóku þrír skólar þátt og þeir unglíngar sem rætt var við komu því úr þremur bekkjum. Ef horft var á hvern skóla fyrir sig sást fljótt að hvatningin var mismikil hjá kennurunum. Í einum skólanum var greinilegt að íslenskukennarinn var enn að lesa töluvert mikið fyrir nemendur sína og var með sérstakar yndislestrarstundir í skólanum. Í hinum skólunum tveimur virtist hvatningin meira koma fram í sérstökum átökum. Þeir nemendur sem fengu yndislestrarstundir virtust allir njóta þess þótt tveimur þeirra fundist að stundum mætti vera meira næði til að lesa í skólanum.

En hvað ætli unglíngunum hafi fundist að hægt væri að gera til að hvetja þá til að lesa meira? Unnur, Guðni, Snorri og Krummi höfðu enga skoðun. Sunna taldi sérstakar yndislestrarstundir vera upplagðar til að örva lestur unglínga. Bjartur taldi best að hvetja krakka til að lesa með því að spyrja þá á hverju þeir hefðu áhuga. Undir þetta tók Metta og sagði að mikilvægt væri að efnið sem þau læsu væri skemmtilegt. Jens taldi að hvatningin færi mikið eftir kennaranum sjálfum. Það að kennarinn læsi reglulega upphátt, hefði yndislestrarstundir og væri sífellt að hvetja nemendur til að lesa bæði í skólanum og heima, skipti öllu máli. Inga og Þura bentu báðar á mikilvægi þess að lesa upphátt úr bókum og kynna þær þannig fyrir nemendur. Voru báðar mjög hrifnar af því þegar höfundar komu og kynntu bækur sínar í skólunum. Þura minntist líka á *Stóru upplestrarkeppnina* og taldi að hún væri lestrarhvetjandi. Anna kom með annað sjónarhorn á málið og taldi að skólinn gæti hvatt betur með því að fá nemendur meira inn á bókasafnið og kynna í leiðinni nýjar bækur. Anna var sammála Ingu og Þuru um það hversu hvetjandi það virkaði að fá höfunda í skólann til að kynna bækur sínar.

5.4 Tímstundaiðja unglunga

Ég er í handbolta og ég er í dansi og svo píanó og því sem fylgir píanói... og hestum líka... Ég er fjórum sinnum í viku í handbolta, ég er í dansi tvisvar í viku í einn og hálfan tíma og svo er ég að hjálpa að kenna dans... Mamma mín þekkir konu sem á hesta og ég fer bara á bak hjá henni (Þura).

Bara fótbolti. Ég æfi fjórum sinnum í viku (Snorri).

Nokkuð almennur áhugi var á tímstundastarfi hjá unglingunum. Hallur var sá eini sem stundaði engar íþróttir eða annað tímastundagaman eftir skóla. Hann hafði samt mikinn áhuga á bílum og fannst gaman að hjóla. Ætlaði í framtíðinni að kaupa sér mótörhjól. Unnur, Snorri, Bjartur og Jens æfðu öll fótbolta. Unnur og Snorri æfðu bæði fjórum sinnum í viku og létu sér það nægja. Bjartur æfði nokkrum sinnum í viku með tveimur íþróttafélögum auk þess sem hann stundaði sjálfur trommuleik heima. Jens æfði fótbolta þrisvar í viku, auk þess að æfa sex sinnum í viku badminton og fara einu sinni í viku á þrekæfingar. Með þessu öllu saman æfði hann með leikfélögum þar sem hann var oftast með nokkuð stór hlutverk. Krummi og Guðni voru báðir að æfa blak fimm sinnum í viku. Auk blaksins æfði Krummi líka handbolta þrisvar sinnum í viku. Sunna og Metta voru báðar í jassballett tvisvar sinnum í viku og Metta mætti auk þess einu sinni í viku á sirkusæfingar. Anna var fimm sinnum í viku í fimleikum og dansi tvisvar í viku. Þær Inga og Þura voru báðar í handbolta fjórum sinnum í viku. Þura lét sér það ekki nægja heldur æfði hún líka dans tvisvar í viku auk þess sem hún aðstoðaði líka við að kenna dans. Hún var líka að læra á píanó og sagðist stundum fá að skreppa á hestbak hjá vinafólki.

5.5 Kynjamunur í lestri unglunga

Í þessari rannsókn leyndust lestrarhestar og einnig unglingar sem höfðu lesið mikið en voru búnir, að eigin sögn, að minnka lestur mjög mikið að undanfögnu. Rannsóknin sýndi að í þessum unglingahóp fyrirfundust líka krakkar sem lásu lítið eða sama og ekkert.

5.5.1 Stúlkur

Tvær stúlkur höfðu lesið tvær og þrjár bækur í síðasta mánuði. Hinar fjórar höfðu enga bók lesið. Tvær af þeim töldu sig lesa ágætlega mikið, bara ekki núna. Ein þeirra sagðist vera mjög áhugasöm en hefði bara ekki tíma núna. Aðeins ein

stúlkanna sagðist ekki vera mikill lesari. Af þessu má sjá að lesnar bækur í síðasta mánuði voru fimm.

5.5.2 Drengir

Tveir drengir töldu sig vera duglega að lesa. Annar þeirra sagðist lesa á hverju kvöldi en hinn hafði haft lítinn tíma að undanfögnu. Einum fannst hann lesa ágætlega mikið og hafði lokið við eina bók í síðasta mánuði. Hinir þrír drengirnir sögðust lítið lesa og tveir af þeim sögðust ekki vera bókaormar. Af þessu má sjá að lesin bók í síðasta mánuði var aðeins ein og svo einn drengur sem las eitthvað á hverju kvöldi.

5.6 Heimur án bóka

Í þriðja viðtalinu sem ég fór í vaknaði ný spurning af tilviljun og ég ákvað að nota hana framvegis í lok hvers viðtals. Spurningin var: „*Hvernig heldur þú að heimurinn væri án bóka?*“ Sigríður Halldórsdóttir (2003:254) kallar þetta samræðudans, þar sem í viðtalinu sjálfu vakna oft upp nýjar spurningar. Í slíku andrúmslofti eru báðir aðilar fullir áhuga á því að komast til botns í að skilja það fyrirbæri sem skoðað er.

Svör unglinganna voru dásamleg. „*Heimur án bóka?*“, endurtóku þau sum og horfðu á rannsakandann með einkennilegu augnaráði. „*Bara, meinar þú ef það væri ekki fundið upp að lesa?*“. Hér koma nokkur skemmtileg svör eins og þau komu fram í viðtölunum:

Ég held að fólk myndi ekki vita jafn mikið og ekki kunna jafmikið af orðatiltækjum og hafa eins mikinn orðaforða (Sunna).

Hann væri allt öðruvísi... bara, það væri bara... ég held að það væri miklu minna svona, það væri miklu minna ímyndunarafl, þú færð mjög mikið ímyndunarafl úr bókunum og það væri bara, hann væri verri (hlær), það held ég (Jens).

Ekkert sérstakur, þær gera svo mikið fyrir okkur, þær skrifa um menningu, listir og, söguna í heiminum, kenningar og vísindi og, þú veist, skemmtibækur og allt svona, það er svo mikið í bókum. Það myndi vanta mikið í, þú veist, heiminn ef væru ekki til bækur (Metta).

Öðruvísi... Það væri búið að búa til eitthvað annað til að lesa með (Krummi).

Ég veit það ekki, ef ég myndi ekki vita að bækur væru ekki til þá væri þetta greinilega allt í lagi. Það væri skrítið, ég hef aldrei spáð í þetta sko (Guðni).

Ég veit það ekki... Allavega væru ekki allir eins gáfaðir (Snorri).

Þá væri maður örugglega alltaf í tölvunni eða, eða sjónvarpinu eða eitthvað teikna kannski... en mér finnst eiginlega þurfa að vera bækur líka.

Ef þú sérð fyrir þér að ekki væri heldur til tölvur og sjónvarp, hvað sérð þú þá fyrir þér?

Þá væri ég örugglega alltaf að teikna eða... skrifa eða... spila (Anna).

Hann væri náttúrulega öðruvísi!... það væri rosalega erfitt (hlær) (Hallur).

6. Umfjöllun um niðurstöður rannsókna

Ég ætla að koma því í verk og láta eitra fyrir silfurskotturnar mínar í kjallaranum. Ég ætla að hætta að eyða orku í að eltast við þær og láta þær hrella mig. Þess í stað ætla ég að njóta þess afraksturs sem unglíngarnir og vinir mínir, Skottin, veittu mér. Allt er breytingum háð í þessu lífi. Silfurskotturnar í kjallaranum hafa svo lítinn tilgang fyrir líf okkar sem búum í húsinu. Skottin, sem kunna að lesa, upplifa hins vegar nýja og breytta tíma. Þau þurfa allan okkar stuðning og orku til að þau geti notið þess sem bíður þeirra í heimi bókanna!

(HÓla, 2010)

Í þessari rannsókn var í upphafi lagt af stað með það fyrir augum að skólasafnskennarar höfðu áhyggjur af minnkandi yndislestri unglínga. Rannsóknir benda til þess að áhyggjur þeirra séu á rökum reistar (Almar M. Halldórsson, 2006:12; Clark og Foster, 2005:2; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006:66; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009:7). Vandasamt er að einangra þá þætti sem hafa áhrif á yndislestur. Talað er um að skólinn, skólaumhverfið, félagahópurinn og fjölskyldugerðin séu allt mjög sterkir áhrifavaldar sem skarist og fléttist saman (Feldman og Matjasko, 2005:202). Í rannsókn á 11–12 ára lestrarhestum í Danmörku er líka bent á að jákvæð viðhorf þessa áhrifavalda sé mikilvægt en mikilvægast af öllu sé viðhorf barnanna sjálfra (Romme–Lund, 2007:26).

6.1. Það sem vakti athygli í niðurstöðunum

Fimm atriði standa uppúr þegar lítið er yfir niðurstöðurnar. Í fyrsta lagi er það lestraráhugi unglínganna. Fjórir unglíngarnir, þrír drengir og ein stúlka töldu sig ekki vera bókaorma. Þrátt fyrir þetta virtust sum þeirra gera sér grein fyrir mikilvægi þess að lesa því hægt var að skynja það á svörum þeirra:

Já svona, en ég hugsa oft sko og bara tala við mig sjálfan að ég þyrfti eiginlega að lesa meira svona til að skilja tungumálið og allt sem er að gerast... hvað hefur gerst, til að fá meiri fræðslu (Jens).

Allir hinir viðmælendurnir átta, töldu sig lesa þó nokkuð og vildu staðsetja sig í flokki þeirra sem lásu þó nokkuð mikið. Þegar betur var að gáð voru sum þeirra að

lesa mjög lítið og önnur ekki neitt. Aðeins þrjú af þessum átta, höfðu til dæmis lesið í bók síðastliðinn mánuð. Um þetta sagði Metta:

Í fyrra þá las ég alveg svolítið mikið en í ár þá er ég eiginlega ekkert búin að lesa... Bara minni tími, meira svona heimanám og þú veist maður er kannski bara að gera meira, bara hanga með vinunum og eitthvað svona.

Þrátt fyrir þetta svar Mettu, taldi hún sig lesa ágætlega mikið og að hún læsi meira en vinir sínir. Rauði þráðurinn í frásögnum margra þessara unglunga fannst rannsakanda vera sá, að þeir virtust telja sig duglega lesara þrátt fyrir að þeir væru farnir að lesa lítið eða nánast ekki neitt. Það virtist sem þeir áttuðu sig ekki á þeim afleiðingum sem það gæti haft á framtíð þeirra. Það má gera ráð fyrir að unglungarnir hafi fundið fyrir þeirri jákvæðu umræðu sem liggur í loftinu gagnvart bókum og bókalestri á Íslandi. Ekki er ólíklegt að þau hafi skynjað þjóðfélagsandann og þá virðingu sem borin er fyrir bókum. Þetta fannst rannsakandanum benda til þess að þrátt fyrir að mörg þeirra væru að draga saman seglin í lestri væri áhugi á bókum enn til staðar. Þennan þátt er nauðsynlegt að skoða betur og nýta þeim í hag. Greinilegt er að halda þarf áfram að ýta í unglungana og benda þeim á og leiðbeina áfram til að viðhalda lestraráhuganum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það sem Brynhildur Þórarinsdóttir (2006:38; 2009:569) bendir á þegar hún talar um að lestraráhugi og lesskilningur haldist í hendur. Hún telur nauðsynlegt að ýta undir lestraráhuga barna til að auka lesskilning þeirra. Mikilvægt sé að auka áherslu á bókmenntaupveldi og kenna börnum að njóta lestrar.

Í öðru lagi eru það svör unglunganna sjálfra um minnkandi lestur þeirra í dag sem vöktu athygli. Þeir töluðu um að meira sjónvarpsáhorf hefði áhrif á að þeir læsu minna, aukin tölvunotkun, að þeir eyddu meiri tíma með vinum sínum, æfðu meira og að þeim væri sett meira fyrir í heimalærdómi. Í öðru orði töluðu þeir síðan um að unglingar þyrftu að lesa meira því það væri nauðsynlegt til að viðhalda lestrinum og að ef bók höfðaði til krakka þá gætu þau alveg lesið mikið. Hér kennir mótsagnar.

Í þriðja lagi eru það athyglisverðar niðurstöður í sambandi við tómstundir. Unglingunum í rannsókninni varð mörgum tíðrætt um tímaleysi. Upplýsingar um tómstundaiðju unglunga (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2009:15; Feldman og Matjasko, 2005:202; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006:74; Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2009:17) segja okkur hvernig unglingar eyða tíma sínum

eftir skóla og þessar rannsóknir benda til að markviss notkun þess tíma hafi áhrif á þroska og velgengi í öllu námi og starfi. Þetta var vel hægt að styðja. Þær upplýsingar sem fengust í þessari rannsókn sýndu rannsakanda fram á að sá unglingur sem ekki stundaði tómstundir, hafði einnig lítinn áhuga á lestri. Hinir unglingarnir æfðu öll eitthvað og sum mjög mikið. Í grein Amalíu Björnsdóttur o.fl. (2009:16) velta þau því upp hvort skipulögð dagskrá sé ekki stundum of mikil þannig að unglingarnir fái ekki að njóta frístunda. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu að þrír unglingar æfðu það mikið að varla átti þá að vera mikill tími eftir til lestrar, eða hvað? En hvað merkir það að hafa ekki tíma til að lesa? Í huga rannsakanda er tíminn afstæður og vill hann þá frekar horfa á orð *Krumma* sem ástæðu þar sem hann segir: „*Það finnst það bara hafa eitthvað betur með tímann að gera*“. Kannski það sé ástæðan að unglingunum finnst þeir hafa annað með tímann að gera, þeir hafa fengið áhuga á öðrum hlutum. Sjálfir benda þeir á aukna tölvunotkun, meira sjónvarpsgláp, að nú vilji þeir eyða meiri tíma með vinum sínum og að heimalærdómur taki meiri tíma. Áhugavert er að velta þessu tímaleysi þeirra upp. Flest okkar sjá vel að þetta er ákveðin blekking. Það er bara, eins og Krummi segir, eitthvað annað sem þau velja að verja tíma sínum í. Nefnum dæmi: Rannsakandi var að reyna að finna tíma fyrir viðtal og spurði unglinginn hvort hann mætti kíkja daginn eftir. Unglingurinn hikaði fyrst og sagðist ekki vita hvort hann hefði tíma. Hann sagðist vera í skólanum til klukkan þrjú og síðan þyrfti hann að fara á æfingu klukkan fimm. Í huga rannsakanda var aldrei spurning um tímaleysi. Hann var mættur rúmlega þrjú og farinn um hálf fjögur. Unglingurinn átti því ennþá eftir einn og hálfan tíma í æfingu. Gaman hefði verið að vita í hvað hann eyddi þeim tíma?

Í fjórða lagi var athyglisvert að stúlkurnar töldu sig frekar spjalla um bækur, bera sig saman og benda hver annari á góða bók á meðan drengirnir töldu sig lítið eða ekkert spjalla við hvern annan um lestur bóka. Samt höfðu sumir þeirra alveg skoðun á því hver við annan hvort þeir lásu meira eða minna en félagarnir. Þeir sáu vel hvort félagarnir voru að lesa eða ekki, en tjáðu sig ekkert um það hver við annan.

Í fimmta lagi var fróðlegt og athyglisvert að velta upp þeirri umræðu hvernig unglingarnir héldu að heimurinn gæti verið án bóka. Svör þeirra voru í raun í takt við þá tilfinningu sem rannsakandi hefur haft, að erfitt sé að ímynda sér að eitthvað sé ekki til staðar sem alltaf hefur verið í umhverfi manns. Er hægt að

ímynda sér að íslensk börn geti sett sig í spor súðanskra barna sem mörg hver berjast fyrir því að fá mat dags daglega? Hjá mörgum þeirra telst enn til forréttinda að geta lært að lesa. „*Heimur án bóka?*“ (segir Sunna hissa).

6.2 Það sem var í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna

Það voru fimm atriði sem stóðu uppúr þegar lítið var yfir það sem þótti í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna. Í fyrsta lagi var það bókaval unglinganna en þar var ekkert sem kom sérstaklega á óvart. Niðurstöður annarra rannsókna (Almar M. Halldórsson, 2006:9; Ása S. Þórðardóttir, 1993:5; Clark og Foster, 2005:32; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006:69–70; Jones o.fl., 2003:9) benda til þess að töluverður munur sé á bókavali drengja og stúlkna. Það kom einnig skýrt fram í þessari rannsókn. Umræður um jólabækur, væntingar til gjafa og lestur um jól voru einnig í samræmi við niðurstöður Sigrúnar Klöru Hannesdóttur (1998:1–6). Stúlkur höfðu meiri áhuga á að fá bækur í jólagjöf en svo virtist sem drengirnir fengju, sumir hverjir, fleiri bækur að gjöf. Margir unglinganna töldu sjálfsagt að fá bók í jólagjöf og að jólafríð væri tilvalinn tími til yndislestrar. Þá, eins og í rannsókn Sigrúnar Klöru, vakti athygli að sumir unglingarnir töluðu um að þeir hefðu fengið minna af bókum í jólagjöf og einn þeirra fékk enga, sem aldrei hafði komið fyrir áður. Unglingarnir sem tóku þetta fram í viðtölunum voru hissa en vissu ekki ástæðuna. Sigrún Klara benti á að huga þyrfti betur að unglingunum og gefa þeim bækur sem höfðu til þeirra.

Í öðru lagi kom mjög skýrt fram í niðurstöðunum að heimilin gátu haft áhrif. Á heimili Bjarts og Halls, sem lásu nánast ekki neinn yndislestur, virtist lítill áhugi á bókum almennt. Heima hjá Halli voru engar bækur uppi í hillum og heima hjá Bjarti virtist vera lítið um hvatningu til að lesa yndislestur. Hvorugur þeirra mundi eftir að fyrir þá væri lesið og þeir sáu sjaldan annað heimilisfólk lesa nema þá helst dagblaðið. Orð Halls segja allt sem segja þarf: „*við erum ekkert svona lestrarfólk*“. Á heimilum lestrarhestanna var þessu öðruvísi háttað. Þar virtist almennur áhugi á bókum sýnilegur á heimilinu, oftast töluvert af bókum í hillum og allir mundu eftir því að fyrir þá hafði verið lesið þegar þeir voru yngri. Um lestrarhvatningu heima sagði Jens:

Það er áreiðanlega pabbi minn. Hann var mikill lestrarhestur þegar hann var lítill og hefur sagt mér að þegar hann var ellefu ára þá var hann búinn að lesa allar bækurnar heima hjá sér, alla vegana einu sinni. Jólin sem hann fékk flestar bækurnar, þá fékk hann einhverjar

14, 16 bækur. Og hann fékk sem sagt bara bækur og eitt par af ullarsokkum. Þannig að (hlær).

Í þriðja lagi kom það heldur ekki á óvart að í rannsókninni var hægt að greina mun á milli kynja. Niðurstaðan var sú að fleiri drengir en stúlkur virtust hafa lítinn eða engan áhuga á því að lesa. Í báðum hópunum fundust þó áhugasamir og slakir lesarar. Þetta var algerlega í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2008:20; Brynhildur Þórarinsdóttir, 2006:38, 2009:569–570, 574; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006:60; Sigrún Klara Hannesdóttir, 1998:2; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009:7).

Í fjórða lagi var athyglisvert að tveir drengjanna í rannsókninni sögðust ekki vera bókaormar en það samræmist einmitt niðurstöðum Jones o.fl (2003:9) sem komust að því að drengir lesa minna en stúlkur og að drengir telja sig frekar vera engir lesarar (non-readers). Niðurstöður í rannsókn Amalíu Björnsdóttur o.fl. (2009:13) benda til að drengir í 9. bekk eyði mun meiri tíma í tölvu en stúlkur. Í þeirri rannsókn eyddu 11% drengja sjö klukkustundum á dag í tölvu á móti 1% stúlkna. Þetta getur verið ein af ástæðum þess að þeir lesa minna en stúlkur.

Í fimmta lagi var skemmtilegt að sjá að einn viðmælandi minn var „delludrengur“. Hans helsta áhugamál var *Syrpan* sem er vinsæl teiknimyndabók um Andrés önd og féлага. *Syrpan* er sígilt Disney-ævintýri sem gefið er út einu sinni í mánuði. Það er í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna en þar er tekið fram að drengir sækja frekar í að lesa teiknimyndasögur (Clark og Foster, 2005:32; Jones, Fiorelli og Bowen, 2003:9).

6.3 Umhugsunarefni

Niðurstöður úr langtímarannsókn Þorbjörns Broddasonar o.fl. (2009:7–8), sem talað hefur verið um hér að framan, leiddu í ljós óvæntan viðsnúning í síðustu rannsókn, árið 2009. Þar kom fram að meðalfjöldi lesinna bóka var allt í einu orðinn meiri en í síðustu könnunum og að fjöldi þeirra sem sögðust enga bók hafa lesið hafði á sama tíma dregist saman. Nærtækast þótti þeim að leita skýringa í umhverfisáhrifum og töldu að líklegt væri að lestrarhvetjandi aðgerðir af hálfu skólanna skipti þar miklu. Eitthvað getur verið satt í því. Af orðum unglínganna í þessari rannsókn virðist þó sem skólarnir þyrftu að taka sig verulega á. Almennt fundu unglíngarnir töluverðan mun á lestrarhvatningu milli stiga þar sem þeir

töldu hvatninguna langminnsta á unglíngastigi. „*Það er minna, held ég, núna sko. Þegar þú ert sko á yngsta stigi þá er alltaf lestur heima, þú veist... Nei, þeir eru ekkert að láta okkur lesa hér á unglíngastigi*“ (Krummi). Þessi ummæli Krumma koma ekki heim og saman við þau orð sem standa í *Aðalnámskrá grunnskóla-íslenska* (2007:10) en þar segir að frjáls lestur eigi að skipa fastan sess á öllum stigum grunnskóla. Hér vakna þær vangaveltur að ef til vill séu skólarnir ekki að gefa nægilegt svigrúm fyrir yndislestur á unglíngastigi. Í þessu sambandi talar Brynhildur Þórarinsdóttir (2006:40) einmitt um að kennarar geti ekki endalaust talað um minnkandi lestur unglínga án þess að gera nokkuð í málunum. Hún vill að barnabækur verði hluti af skóladeginum, bæði sem kennsluefni og eðlileg afþreying milli verkefna. Hér er komið upplagt tækifæri að nýta sér það sem Davila og Patrick (2010:206) benda kennurum á að gera og bent hefur verið á í fræðilega kaflanum. Þá er um að gera að nýta sér þá leið sem aðrir skólar hafa farið. Sem dæmi má nefna að Menntaskólinn á Akureyri (2009:5) býður upp á valgrein sem kallast yndislestur. Það gæti verið góð hugmynd til að útfæra á unglíngastigi. Þá datt ljóðabókin *Blá stunder* upp í hendurnar á rannsakanda þegar hann var að vinna þessa rannsókn en þar er sagt var frá ljóðamararþoni í skólum (*Blá stunder*, 2009). Gæti verið ein leið til lestrarhvatningar. Það er merkilegt að víða er verið að vinna með lestrarátök en það er eins og kennarar geti hvergi leitað í hugmyndabanka. Á þessu þyrfti að gera bætur þannig að það séu ekki allir að finna upp sama hjólið aftur og aftur.

Í samtölunum við unglíngana kom fram að ekki væri lengur lesið í nestistímum þegar komið væri á unglíngastig. Unglíngarnir töluðu þó um að íslenskukennarinn læsi stundum í byrjun tíma og á svörum þeirra var eins og mest öll ábyrgð á yndislestri væri í hans höndum. Brynhildur Þórarinsdóttir (2006:40) bendir á að varast skuli að láta framfaraskref á borð við skólamötuneyti hafa áhrif á það að ekki sé lengur hægt að lesa upphátt. Hún bendir enn og aftur á mikilvægi þess að lesa og þá ekki bara fyrir þá sem eru ólæsir eða hæglæsir. Bókmenntauppeldi gerir kröfur á kennarana en Brynhildur trúir ekki að slík vinna geti ekki veitt kennurum ákveðna nautn, ekki síður en nemendum.

6.4 Meginniðurstöður

Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru þær að ýmislegt í ytra umhverfi unglínganna virðist hafa áhrif á lestrarvenjur þeirra. Unglíngarnir eru að

sjálfsögðu að þroskast og þeir eru að stíga þau skref í lífinu að taka meira sínar eigin ákvarðanir og velja það sem þeim finnst skemmtilegast að gera. Sá grunnur og undirstaða sem þeir koma samt með að heiman og sú hvatning og vinna sem skólinn leggur að mörkum skiptir miklu máli. Vinirnir skipta einnig máli en þar verður líka að horfa á heildarmyndina og skoða hvaða undirstöðu og viðhorf þeir hafa til lestrar.

Heimilið, þar sem barnið elst upp hlýtur alltaf að vera fyrsti þátturinn í ferlinu. Ljóst er að margir foreldrar þurfa að taka sig verulega á í bókauppeldi barna sinna. Bækur þurfa að vera sýnilegar, þær þurfa að vera til staðar og foreldrar eru sjálfir fyrirmyndin í öllu þessu ferli. Merkilegt er að sjá hvað viðtölin við unglingana endurspeglar heimili þeirra. Þetta ætti að sýna foreldrum að töluverð ástæða er til að halda áfram að fylgjast með tölvueign og tölvunotkun barna sinna og athuga vel hvað þau eyða miklum tíma í sjónvarpsáhorf. Þegar börnin okkar segjast ekki hafa tíma til að lesa, skoðum þá í hvað þau eru að eyða tíma sínum. Fylgjumst vel með því á hverju þau hafa áhuga og reynum að hvetja þau til að sækja sér efni sem tengist honum. Niðurstaða rannsakanda er sú að foreldrar mættu standa sig betur í bókauppeldi barna sinna.

Jólabókaflóðið, hátíð allra bókaútfanda, hefur líka áhrif. Jólin eru tilvalinn tími til að endurnýja bækur sínar, fá inn nýtt efni og lesa og lesa. Þau eru einnig tækifæri fyrir alla einstaklinga í landinu til að ræða um bækur og geta verið mjög lestrarhvetjandi. Í viðtölunum við unglingana kom greinilega í ljós að þeim fannst mjög skemmtilegt að fá rithöfunda í heimsókn í skólana sem lásu upp úr bókum sínum. Það er sorglegt að þetta var eitt af því fyrsta sem skorið var niður í kreppunni og þyrfti að endurskoða að mati rannsakanda. Ef litið er á heimasíðu Amtbókasafnsins (Amtbókasafnið, e.d.) sést að á þessu ári, árið 2010, völdu nemendur á Akureyri tvo höfunda í efstu sætin, þau Gerði Krisnýju og Þorgrím Þráinsson. Þetta voru einmitt höfundar sem komu í skólana án þess að fá greiðslu fyrir og lásu upp úr bókum sínum. Að launum urðu bækur þeirra vinsælustu bækurnar á árinu. Niðurstaða rannsakanda er sú að jólavertíðin geti verið tími þar sem tækifæri skapast til að ræða um mikilvægi bóka og þarf að nýta vel.

Skólarnir gera sitt besta og hafa tækifæri til að hafa mikil áhrif. Þar skiptir áhugi og vilji hvers kennara miklu máli. Í rannsókn Amalíu Björnsdóttur o.fl., (2008:9) var námsáhugi nemenda í grunnskólum kannaður þar sem bent var á að kennsluhættir breytast á miðstigi. Talað er um að þeir verði meira stýrandi en áður

og þess vegna minnki námsáhugi margra nemenda. Getur verið að námskrá skólanna geri ekki ráð fyrir yndislestri á unglिंगastigi og að hvatning kennara minnki eftir því sem nemendur eldast? Bent hefur verið á í þessari rannsókn hversu mikilvægt það sé að spyrja nemendurna sjálfa hvar áhugi þeirra liggji og hvað þeir telji vera lestrarhvetjandi. Svör unglिंगana í rannsókninni voru afdráttarlaus og skýr! Áhugi kennarans verður að vera til staðar sögðu sumir. Unglिंगarnir virðast vilja yndislestrarstundir, mörgum þeirra finnst ótrúlega skemmtilegt að láta lesa upphátt fyrir sig úr nýjum bókum og þeir tala um að þeir vilji lesa það sem þeir hafa áhuga á. Þá bentu unglिंगarnir á að kennarinn mætti fara oftari með þau inn á bókasafnið. Niðurstöður úr rannsókn Auðar Magnðísar Leiknisdóttur o.fl., (2009:85) þar sem skoðuð var lestrarkennsla í íslenskum grunnskólum, benda til að bókasöfn séu oft vel nýtt á yngstu stigum grunnskólans, síðan dregur aðeins úr því á miðstigi og nýtingin á unglिंगastigi er ekki góð. Í rannsókn Auðar Magnðísar og félagar kom enn fremur fram að það heyrði til undantekninga ef unglिंगastig væri með skráðan bókasafnstíma í sinni stundatöflu. Í dönsku rannsókninni um 11–12 ára lestrahesta, sem fjallað var um í kafla tvö, kemur fram að skólar mestu lestrarhestanna hafa bókasafnstíma þótt það sé ekki lengur skylda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá (Romme–Lund, 2007:18). Niðurstaða rannsakanda er sú að kennarar á unglिंगastigi þurfi að halda áfram að vinna markvissara að málefnum yndislestrar í bekknum.

Jákvætt viðhorf unglingsins sjálfs til lestrar skiptir líka miklu máli. Það er viðhorf heimilanna og skólans sem þar virðist ráða mestu. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að þegar unglिंगarnir fara að tala um að þeir hafi ekki tíma til yndislestrar, að setjast niður með þeim og skoða hvað þeir eru að gera við tímann sinn. Nauðsynlegt er að fá unglिंगinn sjálfan til að skoða tímaleysi sitt og sjá með eigin augum hvað það er sem dregur hann frá bóklestri. Niðurstaða rannsakanda er sú að einnig þarf að draga unglिंगana sjálfa til ábyrgðar.

Vinirnir fara að skipta meira máli og unglिंगarnir fara að hanga meira saman, eins og þau orða það sjálf. Hér þarf að horfa á þessi samskipti þeirra með jákvæðum huga og nýta sér það. Upplagt að hvetja vinina til að fara saman á bókasafnið, lesa sömu bók og bera skoðanir sínar saman. Spjalla meira við þá um bækur, tala meira um yndislestur í skólanum og leyfa fjölbreyttara efni þar. Niðurstaða rannsakanda er sú að líta þarf á samskipti við vinina sem jákvæð og horfa á þau sem gott tækifæri.

Rætt var um tómstundir og þá staðreynd að þær geta haft mjög jákvæð áhrif á námsáhuga nemenda. Í því sambandi komu einnig upp umræður um óljóst tímaleyfi unglunga. Niðurstaða rannsakanda er sú að tómstundir geti haft jákvæð áhrif en geti einnig komið í veg fyrir að unglungunum finnist þeir hafa tíma til að lesa, ef þeir æfa of mikið eða stunda tvö, þrjú eða jafnvel fleiri áhugamál.

Það þarf að vinna markvissara með þann kynjamun sem kemur fram í lestri og lestrarvali unglunganna. Það er til dæmis hægt að gera með því að fylgjast betur með áhugasviði einstaklingsins. Flestir sem koma að uppeldi eða kennslu unglunganna þurfa að ræða mismunandi bókaflokka og bókaval sem þeir velja og um leið undirstrika mismunandi áhugasvið við unglungana og ýta undir lestur á þeim sviðum. Niðurstaða rannsakanda er sú að auka þarf umræður og kenna unglungunum og þeim sem þá annast að bera virðingu fyrir mismunandi áhugasviðum.

7. Samantekt og lokaorð

Skottin mín, Sunna, Bjartur, Jens, Metta, Inga, Þura, Krummi, Guðni, Snorri, Anna, Hallur og Unnur, takk fyrir að leyfa mér að skyggjast inn í hugarheim ykkar. Það er vegna þátttöku ykkar og orða sem mér var gert kleift að kryfja þessi málefni, skoða lestrarvenjur ykkar og sjá hvað það var sem hafði áhrif á yndislestur ykkar.

(HÓla, 2010)

Vinnan við gerð þessarar ritgerðar og lestur fræðilegra bóka hefur verið fræðandi og skemmtileg. Það var mikil reynsla að taka viðtölin sjálf og sumar niðurstöðurnar komu á óvart. Ég hugsaði í byrjun um orð skólasafnskennaranna þegar þeir töluðu um að unglिंगarnir væru bara latir. Það kom mér síðan á óvart eftir að hafa tekið viðtölin að ég fékk stundum þessa sömu tilfinningu. Eru þeir ekki bara að drepast úr leti? Kannski má segja að eitthvað sé réttmætt við þá tilfinningu en ekki má gleyma því að auðvelt er að verða letinni að bráð þegar hvatningin er lítil eða engin. Það er hlutverk heimilis og skóla að standa sig og gefast aldrei upp.

Óhætt er að hugleiða aftur orð Zafón (2006:90) úr bókinni *Skuggi vindans* þar sem hann lýsir áhyggjum sínum yfir milljónum yfirgefina blaðsíðna og því hvernig fólk hamast utan veggja bókasafnanna og missir smám saman minnið án þess að taka eftir því, á meðan það þykist vera gáfaðra eftir því sem gleymiskan verður meiri. Er það ekki einmitt svona sem sumum okkar líður í dag? Við eigum falleg bókasöfn og mikið af bókum um allt Ísland. Ætlum við bara að setta okkur við að tímarnir breytist og ný kynslóð, sem smám saman hættir að ganga inn á bókasöfnin, sé að taka við? Í grein Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (2006:6, 76) vitnar hún í japanska speki *Shi Jinrui* sem foreldrar í Japan nota um okkar kynslóð ungs fólks. Það merkir ný manngerð sem er ólík öðrum kynslóðum. Þessi nýja kynslóð er byltingaraflíð *Shi Jinrui* sem hugsar, klæðir sig og eyðir frítíma sínum öðruvísi, afl sem komið er til að vera. Hér er kannski nokkuð sterkt að orði kveðið að um nýja manngerð sé að ræða en víst er að margar breytingar hafa verið unglिंगum í óhag og eitthvað verður að gera. Nauðsynlegt er að kanna betur hvaða áhrif nýir miðlar hafa og hvaða merkingu sú tækni getur komið með í staðin fyrir þá færni

sem lestur bóka hefur veitt hingað til. Guðný bendir líka á í grein sinni að ráðandi kynslóð einblíni ef til vill of mikið á mikilvægi bókalesturs í stað þess að skoða betur hvaða færni nýir miðlar hafi upp á að bjóða. Hún segir að þetta geti orðið dýrkeypt og sé viðleitni til að halda völdum og virðingarsessi núverandi kynslóða þrátt fyrir kröfur um annað.

Þá eru umræður í þjóðfélaginu um að nú sé verið að setja á markaðinn bókatölvur. Ekki ætla ég að láta þær verða hér að umtalsefni en get ekki leynt því að spennandi verður að fylgjast með þeirri þróun. Sjálfsagt má ég teljast til þeirra einstaklinga sem spyrna fast við fótum á móti argandi tölvuöld sem mér finnst ræna ansi miklum tíma frá þeim unglingum sem ég sjálf á. Það var mér því mikið gleðiefni þegar ég sá, á meðan á þessari rannsókn stóð, að verið var að senda öllum heimilum í landinu þúsund króna ávísun í pósti frá bókaútgefendum og bóksölum. Af hverri notaðri ávísun renna 100 krónur til styrktar bókasöfnum grunnskólanna. Það eru sem sagt fleiri aðilar sem spyrna við fótum og í þetta skipti er verið að koma á móts við skóla landsins sem er mjög gott mál.

7.1 Hvert er hugsanlegt notagildi rannsóknarinnar?

Rannsóknin var gerð með það í huga að sjá og finna út hvaða þættir það væru sem hefðu mest áhrif á lestrarvenjur unglunga. Hugsu mætti hana sem hvatningu fyrir foreldra, kennara og aðra sem láta sér annt um lestrarmál barna. Vonandi gefur rannsóknin víðtæk svör við því hvernig hægt er að breiða út og opna augu sem flestra fyrir mikilvægi þess að hlúa jafnt og þétt að lestrarvenjum barna. Þessi rannsókn á vel heima í stofum heimila þar sem ungir lestrahestar eru að stíga sín fyrstu skref. Margir foreldrar standa sig þegar mjög vel og eiga hrós skilið. Aðrir mega taka sig verulega á, vakna af værum blundi og spýta í lófana. Rannsóknin á vel heima inni í herbergjum unglunga þessa lands. Það er jákvæðni þeirra sem talin er skipta hvað mestu máli. Er þá ekki upplagt fyrir þau að lesa svo sem eina lestrarrannsókn og sjá hvað hún hefur að segja? Rannsóknin á heima í hverjum skóla þar sem kennarar geta velt fyrir sér hvort þeir séu að gefa yndislestri nægilegt svigrúm í námskránni. Aðalmálið er þó að samfélagið taki sig á í heild sinni og hætti að hlusta á hvað hinir og þessir eru að segja og tala um minnkandi lestur unglunga. Nauðsynlegt er að láta slíkar umræður sem vind um eyru þjóta, drífa sig í bókabúð, kaupa og gefa bækur. Finna hvar áhugi unglunganna liggur, spjalla við þá um bækur og hvetja þá áfram.

Þegar þessi málefni eru skoðuð ætti að vera lykilatriði að hafa nemendurna sjálfa með í ráðum. Niðurstöður þeirra um það sem þeim finnst vera lestrarhvetjandi er eitthvað sem allir ættu að nýta sér. Hlusta þarf á rödd unglinganna. Víst er að á svörum þeirra sjálfra var augljóst að þeir áttu flesir mjög erfitt með að sjá líf sitt án bóka og því eins víst að þeir hafi ýmislegt um málið að segja.

Notagildi rannsóknarinnar er meðal annars að hafa áhrif. Skemmtilegt er því að segja frá einu atviki sem átti sér stað eftir að rannsakandi hafði komið inn á heimili og tekið viðtal. Lítið var um bækur sjáanlegar á heimilinu og ljóst að þær höfðu flutt með þabba við skilnað. Stuttu eftir viðtalið fréttist að móðir unglingsins dreif sig í að taka fram hillu, setja inn í stofu og koma þar fyrir bókum sem annars höfðu legið í kassa eftir flutning. Þetta segir okkur að hægt er á einfaldan hátt, með umræðu og spjalli, að hafa áhrif!

7.2 Hugmyndir að framtíðarrannsóknum

Ég sé fyrir mér að nauðsynlegt væri að skoða heimilin betur og birta þær rannsóknir reglulega þannig að foreldrar átti sig á því hve þeirra þáttur sé mikilvægur. Margir foreldrar gera sér ekki grein fyrir hversu mikil áhrif þeir hafa á menntun og/eða nám barna sinna. Í kaffiboði um daginn heyrði ég í móður sem sagði að hún sem foreldri þyrfti auðvitað að láta börnin sín lesa. Hún sagðist hafa valið það að vinna aðeins minna því henni fannst þetta taka svo langan tíma. Ætli þessi umrædda móðir geri sér grein fyrir hvað hún er að leggja góðar línur að lestraráhuga barna sinna? Ætli einhver sé duglegur að minna hana reglulega á það? Þannig væri gaman að sjá fleiri þjóðfélagsþegna taka á þessum málum. Að mínu mati ætti að setja í forgang að gefa börnunum meiri tíma, hvetja þau áfram, sinna námi þeirra og umfram allt að lesa saman!

8. Heimildaskrá

- Aðalnámsskrá grunnskóla – íslenska.* (2007). Sótt 8. janúar 2009 af http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf
- Almar M. Halldórsson. (2006). *Lesskilningur og íslenskukunnátta 15 ára nemenda: Sérstaða Íslands og forspárþættir. Niðurstöður PISA 2000 og samræmdra prófa.* Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Almar Miðvík Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2007). *Færni og þekking nemenda við lok grunnskóla: Helstu niðurstöður PISA 2006 í náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi.* Sótt 5. janúar 2010 af http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/PISA2006_ISL.pdf
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2008). Námsáhugi nemenda í grunnskólum: Hver er hann að mati nemenda og foreldra? Hvernig breytist hann eftir aldri og kyni? *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 7–26.
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2009). Tíminn eftir skólann skiptir líka máli: Um tómstundir og frítíma nemenda í 1., 3., 6. og 9. bekk grunnskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun.* Sótt 26. janúar 2010 af <http://netla.khi.is/greinar/2009/010/index.htm>
- Amtbókasafnið. (e.d.). *Amtbókasafnið á Akureyri: Barnasíður.* Sótt 1. maí 2010 af <http://barnastarf.akureyri.is/>
- Auður Magndís Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum.* Sótt 3. febrúar 2010 af http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/stada_lestrarkennslu_i_islenskum_grunnskolum_2009.pdf
- Ágústa Pálsdóttir. (1998). Viðhorf og lestur: 6.1 Hvers vegna er mikilvægt að börn lesi? *Bókasafnið*, 22. Sótt 9. febrúar 2010 af <http://www.bokasafnid.is/22arg/agpa98.html>

- Ása S. Þórðardóttir. (1993). *Bókval barna 1968–1991. Svör barna í fjölmiðlakönnunum 1968, 1979, 1985 og 1991*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, félagsvísindadeild.
- Berns, R. (2009). *Child, family, school, community: Socialization and support* (7. útgáfa). Belmont, CA: Thomson Wadsworth.
- Bibliotek og medier.* (e.d). Sótt 16. febrúar 2010 af http://www.boernogkultur.dk/section1/Litteratur_og_biblioteker/Forsog_og_formidling/Projekter.html
- Blå stunder* (2009). Í Andersson, L. og Cederqvist, R (ritstjórar), Ljóða maraþon. Jyväskylä: Gummerus.
- Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. (1997). *Uppruni Nútímans: Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830*. Reykjavík: Mál og menning.
- Browne, A. (2007). *Developing language and literacy 3–8*. (2. útgáfa). London: PCP.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2006). Bókaormafræði, um barnabókmenntir í grunnskólum. *Skíma*, 2, 38–42.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2009). Lestrarvenjur íslenskra bókaorma. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í Félagsvísindum X: félags- og mannvísindadeild* (bls. 569–577). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Clark, C. og Foster, A. (2005). *Children's and young people's reading habits and preferences the who, what, why, where and when*. Sótt 7. apríl 2010 af http://www.literacytrust.org.uk/assets/0000/0577/Reading_Connects_Survey_2005.pdf
- Clementi, L. (2010). Readers theater. *Phi Delta Kappan*, 91(5), 85–88.
- Davila, D. og Patrick, L. (2010). Asking the experts: What children have to say about their reading preferences. *Language Arts*, 87(3), 199–210.
- Einar Laxness. (1995). *Íslands saga a–h. Alfræði Vöku–Helgafell* (1. bindi). Reykjavík: Vaka–Helgafell.

- Feldman, A. F. og Matjasko, J. L. (2005). The role of school-based extracurricular activities in adolescent development: A comprehensive review and future directions. *Review of Educational Research*, 75(2), 159–210.
- Gudakovska, I. (1996). Students' reading habits in Latvia. *Journal of Adolescent & Adult Literacy*, 40(1), 64.
- Guðmundur Finnbogason. (1903). *Lýðmenntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2009). Rýnt í skýrsluna: Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 149–153.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2006). Er „menningarlæsi“ ungs fólks að breytast?: Athugun á lestri og tómstundavenjum nemenda í 10. bekk. *Tímarit um menntarannsóknir*, 3, 60–81.
- Hafnarfjörður. (e.d.). *Grunnskólar: Vefur Stóru upplestrarkeppinnar*. Sótt 30. mars 2010 af <http://www.hafnafjordur.is/upplestur/>
- Hafþór Guðjónsson. (2008). PISA, læsi og náttúrufræðimenntun. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 25. janúar 2010 af <http://netla.khi.is/greinar/2008/015/prent/index.htm>
- Haich, E. (1991). *Vígslan* (Sigrún Ragnarsdóttir þýddi). Reykjavík: Nýaldabækur. (Upphaflega gefin út 1960).
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnun. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67–84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hopper, R. (2005). What are teenagers reading? Adolescent fiction reading habits and reading choices. *Literacy*, 39(3), 113–120.
- Hughes–Hassell, S. (2008). Urban teenagers talk about leisure reading. *International Association of School Librarianship. Selected Papers from the Annual Conference*, 1–14.
- Hughes–Hassell, S. og Rodge, P. (2007). The leisure reading habits of urban adolescents. *Journal of Adolescent & Adult Literacy*, 51(1), 22–33.

- Ingvar Sigurgeirsson. (1998). *Listin að spyrja: Handbók fyrir kennara*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Íslensk orðabók*. (2002). Árni Böðvarsson (ritstjóri). Reykjavík: Edda.
- Jones, P., Fiorelli, D. C. og Bowen, M. H. (2003). Overcoming the obstacle course: Teenage boys and reading. *Teacher Librarian*, 30(3), 9–13.
- Katrín Blöndal. (2004). *Úrtök í eigindlegum rannsóknum*. Háskólinn á Akureyri.
- Kristín Helga Gunnarsdóttir. (2006). Alvara málsins – Bókalestur barna. *Börn og menning*, 21(1), 4–7.
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995 með áorðnum breytingum 66/2007*.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2009). *Ungt fólk 2009 – 8., 9. og 10. bekkur: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 6. apríl 2010 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk-8---10.-bekkur-2009.pdf>
- Menntaskólinn á Akureyri. (2009). *Áfangar í frjálssu vali, skólaárið 2009–2010*. Sótt 18. janúar 2010 af <http://www.ma.is/media/namid/valgreinar/Valbkl09-10.pdf>
- Moniuszko, L. (1992). Motivation: Reaching reluctant readers age 14–17. *Journal of Reading*, 36(1), 32.
- Ólafur Ragnar Grímsson. (2006). *Eflum bókakost heimilinna*. Sótt. 25. janúar 2010 af <http://forseti.is/media/files/Dagur%20bokarinnar.pdf>
- Pence, L. P. og Justice, L. M. (2008). *Language development from theory to practice*. Upper Saddle River: Pearson.
- Rannveig A. Jóhannsdóttir. (2007). Leið til lestrar: Um læsi og þróun þess. *Glæður*, 17, 24–29.
- Romme–Lund, H. (2007). *Hvad skaber en lystlæser? Undersøgelse af meget læsende børns læsevaner via spørgeskemaer og interview i forbindelse med Smart-Parat-Svar-quizzen*. Kaupmannahöfn: Center for Børnelitteratur / Danmarks Pædagogiske.

- Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. (2006). *Lexía: Fræði um leshömlun, kenningar og mat*. Akureyri: Háskólaútgáfan.
- Seidman, I. (1998). *Interviewing as qualitative research. A guide for researchers in education and the social sciences*. New York: Teachers College Press.
- Shank, G. D. (2002). *Qualitative research. A personal skills approach*. Upper Saddle River, N.J.: Merrill/Prentice Hall.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Vancouver-skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249–265). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigrún Klara Hannesdóttir. (1998). Lestur er bestur: Um lestur íslenskra barna og unglinga. *Bókasafnið*, 22, 21–26. Sótt 25. janúar 2010 af http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=324233
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161–179). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megingdlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219–235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Steffensen, A. Ø. (2004). *Læs !les Läs. Læsevaner og børnebogskampagner i Norden*. Sótt 8. febrúar 2010 af <http://www.cfb.dk/site.aspx?p=465>
- Steinunn Torfadóttir. (2007–2008). *Hvað er lestur?* Sótt 29. janúar 2010 af http://lesum.khi.is/hvad_er_lestur
- Steiner, S., og Steiner, B. (2009). Bullies, gangs, and books for young adults. *Young Adult Library Services*, 7(4), 39–45.
- Stenis, J. (2009). Reality rules! A guide to teen nonfiction reading interests. *Reference & User Services Quarterly*, 48(3), 318.

- Strommen, L., og Mates, B. (2004). Learning to love reading: Interviews with older children and teens. *Journal of Adolescent & Adult Literacy*, 48(3), 188–200.
- Van Manen, M. (2003). *Researching lived experience. Human science for an action sensitive pedagogy*. Ontario: The University of Western Ontario.
- Zafón, C., R. (2006). *Skuggi vindsins*. (Tómas R. Einarsson þýddi). Reykjavík: Mál og menning.
- Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir. (2009). *Ný börn og nýir miðlar á nýju árpúsundi*. Óútgefin gögn.
- Þóroddur Bjarnason. (2009). *Vímuefnaneysla íslenskra unglunga í alþjóðlegum samanburði 1995–2007*. Akureyri: Rannóknarsetur forvarna við Háskólann á Akureyri. Sótt 12. apríl 2010 af http://www.espad.is/Vímuefnaneysla_2007.pdf